



# Samtal um þjóðaröryggi: **Fjölþáttaógnir**

*Samantekt frá málþingi þjóðaröryggisráðs  
um fjölþáttaógnir sem haldið var í Hátíðasal  
Háskóla Íslands 27. febrúar 2020.*





Samtal um  
þjóðaröryggi:  
**Fjölpáttáógnir**

*Samantekt frá málþingi þjóðaröryggisráðs  
um fjölpáttáógnir sem haldið var í Hátíðasal  
Háskóla Íslands 27. febrúar 2020.*



# Efnisyfirlit

## Upphafsorð

*Katrín Jakobsdóttir*, forsætisráðherra og formaður Þjóðaröryggisráðs ..... 7

Inngangsræða.

## Öryggi og fjölpáttáðgnir

*James Dipple-Johnstone*, aðstoðarforstjóri, Persónuverndarstofnun Bretlands ..... 9

Fyrsta pallborðslota:

### Hefðbundin og óhefðbundin viðbrögð við fjölpáttááskorunum

*Antonio Missiroli*, aðstoðarframkvæmdastjóri deildar um nýjar öryggisáskoranir, NATO ..... 17

*Nora Biteniece*, hugbúnaðarverkfræðingur, Öndvegissetur NATO um stefnumiðuð samskipti í Ríga .... 20

Umræður ..... 23

Önnur pallborðslota:

### Fjölpáttavarnir, verndun lýðræðislegra gilda

*Jurgen Klemm*, sérfræðingur í stefnumiðuðum samskiptum, Skrifstofa eistnesku ríkisstjórnarinnar ... 27

Umræður ..... 30

Þriðja pallborðslota:

### Mikilvægi þess að styrkja viðnám og varnir

*Flemming Spildsboel Hansen*, greinandi, Alþjóðaöryggi, Danska stofnunin í alþjóðafræði ..... 33

*Kristi Narinen*, yfirmaður alþjóðatengsla hjá Evrópsku öndvegissetrinu gegn fjölpáttáðgnum ..... 36

Umræður ..... 39

## Lokaorð

*Silja Dögg Gunnarsdóttir*, forseti Norðurlandaráðs ..... 41





## Upphafsorð

**Katrín Jakobsdóttir,**  
forsætisráðherra og formaður Þjóðaröryggisráðs

Kæru gestir,

Það er mér ánægja að hefja þetta málþing um þjóðaröryggi og fjölþáttaógnir. Lýðræði og mannréttindum er sífellt ögrað um allan heim með fjölda sam-  
hæfðra aðferða sem sérstaklega er ætlað að skapa glundroða og óstöðugleika í samfélögum ásamt því að grafa undan trausti og lýðræðislegum ferlum. Fyrir utan að gera skilin á milli stríðs og friðar óskýrari geta þessar aðferðir falið í sér afskipti af kosningum, netárásir, hagnýtingu veikleika í nauðsynlegum innviðum og þrýsting í tengslum við efnahagslíf og viðskipti.

Þó að herferðir upplýsingafölsunar og falsfréttir séu þekktar í sögunni eru dreifaðferðirnar flóknari nú en áður. Reiknirit (*e. algorithm*) gera mögulegt að ná til einstaklinga og hópa út frá gögnum, skapa nýja möguleika til að hafa bein áhrif á almenningsálit, eða skoðanir og hegðun innan ákveðinna hópa. Þetta kann að vera framkvæmt af aðilum innan eða utan ríkisvalds sem starfa innan eins lands eða þvert á landamæri, þetta dregur fram veikleika sem unnt er að hagnýta og misnota af þeim sem hafa fjármagn til að notfæra sér þessa nýju tækni í eigin þágu. Hraði nýju tækninnar gerir það að verkum að áhrifin geta orðið bæði öflug og skyndileg.

Til að bregðast við þessu verða ríkisstjórnir að vera tilbúnar að samþykkja lög um allt frá því að skima erlendar fjárfestingar og beita refsiaðgerðum við netárásur, til þess að takast á við það sem kalla mætti hættur á gráu svæði. Það er einnig nauðsynlegt að byggja upp getu til að bera kennsl á og skilja spillandi starfsemi á byrjunarstigi og vekja almenningsvitund um vandamálið. Á sama tíma þurfum við einnig að brjóta til mergjar hugtök eins og fjölþáttaógnir og -hernað, án þess að líta á þau sem nýjungar. Þegar á miðjum fyrsta áratug 21. aldar voru slík hugtök hluti af öryggis- og hernaðarkenninum og við getum jafnvel farið aftur til föður innilokunarstefnunnar (*e. containment*) í upphafi kalda stríðsins, Georgs Kennan, sem árið 1948 skrifaði um takmarkanir hugmyndafræðinginn um skýran mun á stríði og friði. Í stuttu máli hafa hervald og herafli ávallt gert sér grein fyrir tvíræðninni á milli hernaðaráttaka og pólitísks hernaðar. Hægt er hervæða upplýsingar og þær hafa verið hervæddar í hugmyndafræðilegum átökum. Nú er það oft notað á normaliseruðu máli til að grafa undan samfélagslegu trausti. Enginn vafi leikur á

að sambland friðsamlegs pólitísku undirröðurs annars vegar og ofbeldis og ófriðar hins vegar hefur breikkað svið þeirra ógna sem fólk skynjar. Á hinn bóginn ef skilgreining fjölþáttaógna felur í sér of marga þætti er hætta á hugtakið verði óljóst.

Að lokum ættum við að varast að ýkja ógnir eða taka þátt í skrímslavæðingu eða aðgerðum hrakspámana til að þjóna pólitískum tilgangi. Fjölþáttaógnir koma ekki aðeins utan frá, þær geta einnig átt upptök í klofningi innan samfélagsins, jafnvel þótt ytri öfl geti nýtt sér þær. Við skulum ekki gleyma því að samfélagsleg spennan og efnahagslegur ójöfnuður geta einnig grafið undan lýðræðislegum ríkisstjórnnum. Veik opinber umræða þar sem lögð er meiri áhersla á æsing en staðreyndir getur einnig leitt til þess sama.

Á þessu málþingi er lögð áhersla birtingarmyndir fjölþáttaógna hvað varðar varnir og lýðræðisleg gildi og hvernig hægt er að berjast gegn þeim. Þegar fjallað er um þessi málefni er nauðsynlegt að gera mismunandi aðilum kleift að taka þátt og leiða þannig saman ríkisstjórn, borgaralegt samfélag, æðri menntastofnanir og fjölmiðla. Við verðum að forðast þær freistingar til að móta viðbrögð okkar við þessari áskorun með því bergmála eða tileinka okkur aðferðir óvina opinna samfélaga. Viðbrögðin verða að byggjast á virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum en ekki fela í sér aðgerðir sem grafa undan þeim grundvallargildum sem þarf að verja, eða þeirri ábyrgð, sem er kjarni lýðræðisskipulagsins. Þetta tengist umræðunni í dag um að rækta viðnám, sem einungis er hægt að gera með menntun og með aðgangi að áreiðanlegum upplýsingum.

Ég vil þakka öllum þeim stofnunum sem hafa gert þetta málþing mögulegt og þakka alþjóðlegum gestum okkar fyrir að gefa sér tíma til að vera með okkur hér í þessum umræðum. Málin sem verða rædd hér í dag eru efst á baugi og mjög mikilvæg og sannarlega er hugmyndaumræða af þessu tagi í sjálfu sér ein birtingarmynd lýðræðislegra skuldbindinga sem þurfa að vera sýnilegar nú á tímum stjórnmalalegs óróa þegar og einræðislegra ógna gætir um allan heim. Þetta er það sem þjóðaröryggisráð Íslands, sem ég leiði sem forsætisráðherra, gerir sér skýra grein fyrir, svo það hefur verið markmið okkar að opna opinbera umræðu um ógnir, til að treysta lýðræðisstoðir samfélagsins.

Ég óska ykkur öllum góðs og árangursríks málþings. Takk fyrir.



Inngangsræða:



## Öryggi og fjölþáttaáognir

**James Dipple-Johnstone,**  
aðstoðarforstjóri, Persónuverndarstofnun Bretlands

Kæru kollegar,

Takk fyrir að bjóða mér að tala hér í dag. Ég vonast til að deila hér með ykkur þeim lærdómi sem við höfum dregið af okkar vinnu og innsýn í það hvernig við byrjuðum á að takast á við sum þeirra málefna sem tengjast fjölþáttaógnum og netöryggi í Bretlandi. Mig langar líka að segja nokkur orð um það hvernig við sjáum fyrir okkur að hlutverk gagnaverndaryfirvalda þróist og veiti viðnám gagnvart slíkum ógnum. Ég vil taka skýrt fram að ég er ekki að gefa í skyn að við höfum fundið ákveðna aðila eða ógnir, eða eignum þeim nokkuð, í tengslum við rannsókn okkar á notkun persónuupplýsinga í lýðræðislegum ferlum Bretlandis, heldur vil ég deila með ykkur sýn okkar á þau viðfangsefni og áskoranir sem við fundum í rannsókn okkar og þá sérstaklega þeim lærdómi sem við drógum af henni, í von um að ég sé nógu vel upplýstur til að gagnast í umræðum okkar hér í dag.

Fyrir þau ykkar sem þekkið ekki Persónuverndarstofnunina (e. ICO) þá erum við sjálfstæður eftirlitsaðili gagnaverndar í Bretlandi. Forstjóri Persónuverndarstofnunarinnar er sjálfstæður embættismaður skipaður af hennar hátign til ákveðins tíma og embættið hefur sínar eigin tekjur af gjaldi sem lagt er á ábyrgðaraðila gagna og kveðið er á um í lögum. Við höfum fyrirmæli sem ná yfir gagnavernd, ákveðna vernd fyrir mikilvæga innviði þjóðarinnar og netöryggi hvað varðar gagnabrot með persónuupplýsingar og verkefni okkar þarna nær yfir vítt svið trúnaðar, aðgengis og heilleika gagna með áherslu á misnotkun gagna í gegnum netið. Með þessu er átt við það þegar ekki tekst að tryggja, vernda og virða einkalíf þegna okkar og þegar gengið er að viðkomandi persónuupplýsingum meðvitað og án heimildar, þeim stolið og þær notaðar. Við vinnum í samstarfi við kollega okkar hjá Netöryggismiðstöð Bretlands (e. *National Cyber Security Centre*) og hjá Bresku stofnuninni um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi (e. *National Crime Agency*). Ef það er ekki nóg handa okkur á þessum nýju tímum þá berum við einnig ábyrgð á aðgangi að opinberum upplýsingum, sem er ekki svo fjarri þema dagsins í dag. Við megum ekki gleyma því að eitt af helstu tækifærunum til að berjast gegn upplýsingafölsun er að auðvelda aðgang að áreiðanlegum og nákvæmum opinberum upplýsingum.

**„Við megum ekki gleyma því að eitt af helstu tækifærunum til að berjast gegn upplýsingafölsun er að auðvelda aðgang að áreiðanlegum og nákvæmum opinberum upplýsingum.“**

Við höfum gripið og grípum til aðgerða á grundvelli opinbers eftirlits og einnig í hlutverki saksóknara. Forstjóri Persónuverndarstofnunarinnar getur flutt sín eigin mál fyrir okkar dómstólum.

Við eru aðallega í Bretlandi en með auknu alþjóðlegu gagnaflæði erum við mun virkari alþjóðlega og viðurkennum þar með landamæralausa eiginleika margra þeirra ógna sem við nú stöndum frammi fyrir. Sérstaklega, vegna sumra þeirra stóru tæknilausna sem við tökum þátt í, vinnum við náið með kollegum okkar í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, en einnig í auknum mæli í mun fjarlægari löndum. Við veitum einnig formennsku í alþjóðlegum hópi gagnaverndaryfirvalda, Alþjóðlega persónuverndarþinginu, og við hyggjumst styðja þá vinnu í gegnum embættið. Þetta alþjóðlega samvinnuhlutverk er okkur mikilvægt og gott dæmi um það er það sem ég hef að segja í dag varðandi Cambridge Analytica.

Við sáum af gögnum sem við náðum frá Cambridge Analytica að það starfaði um allan heim. Það tengdist bandarískum rannsakendum sem þróðu tól í tengslum við kosningarnar í Bandaríkjunum, til notkunar í Bretlandi og annars staðar í heiminum. Sönnunargögnin sem við náðum veittu okkur einnig nasasjón af tilraun fyrirtækisins til að nota lögsöguleg rök til að víkja sér undan ábyrgð. Það er mjög líklegt að einungis fyrir tveimur eða þremur árum hefði málþing líkt þessu málþingi í dag verið vel hugsanlegt án tillits til eða þátttöku gagnaverndaryfirvalda. Þá voru yfirvöldin fá og aðallega í Evrópu, fá þeirra höfðu rannsóknardeildir eða athafnagetu á internetinu og enn færri gátu beitt viðurlögum. Samstarf á alþjóðavísu og á milli gagnaverndaryfirvalda og annarra lagaframkvæmdaraðila, kosninga- og netöryggisaðila, var í besta falli á byrjunarstigi.

Á síðustu tveimur árum hefur það landslag breyst gífurlega. Gagnaverndaryfirvöld hafa gerbreyst hvað varðar valdsvið og hlutverk. Almennigur er mun meðvitaðri um réttindi sín og sumar þær ógnir sem að honum steðja; einkalífið er orðið almennt. Þið þurfið ekki að hafa mig fyrir því—það er nóg að skoða nýlegar auglýsingar frá sumum hinna stóru samfélagsmiðla og tæknilausna, alltaf að seilast, í auknum mæli að ákveða sérhæfða þjónustu, ekkert vandamál látið óleyst. Borgarar okkar búast almennt við að persónuupplýsingar þeirra séu varðar. Okkar eigin könnun á íbúum Bretlands sýnir að netárásir og pólitísk misnotkun á persónuupplýsingum eru tvö af helstu áhyggjuefnum þeirra hvað varðar friðhelgi. Ég kem nánar að þeim niðurstöðum á eftir. En ég vil minnst á að ein merkilegasta niðurstaðan úr þessari könnun, að okkar mati, voru skýrar væntingar almennings um að til staðar væri eftirlitsaðili sem sæi um að verja þessar persónuupplýsingar.

Svo ég snúi mér aftur að málinu þá er nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélögum að stjórn-  
málaflokkar og frambjóðendur geti átt áhrifarík samskipti við kjósendur og þar gegna samfélagsmiðlar mikilvægu hlutverki. Það er jafnmikilvægt fyrir heilindi kosninga í lýðræðisríkjum að allir aðilar sem koma að stjórnmalabaráttu meðhöndli og vinni úr persónuupplýsingum á þann hátt sem samræmist lögum um gagnavernd á hverjum stað. Þar gegna stjórnmalaflokkar afar mikilvægu hlutverki. Þeir eru stærstu viðskiptavinirnir í vistkerfinu og vistkerfið snýst um að uppfylla þarfir þeirra. Það að hve miklu leyti slæmir gerendur geta starfað og ógnað, tengist þess vegna því umhverfi sem heimilt er að starfi löglega, af hálfu þeirra sem veita því trúverðugleika. Því einblínum við í okkar vinnu á rótgróna stjórnmalaflokka og baráttuhópa.

Á undanförunum árum hefur stjórnmalabarátta orðið æ háþróaðri, í takt við hraða þróun nýrrar tækni og samskiptatóla. Ég myndi endurtaka það sem þegar hefur verið sagt. Frambjóðendur nota nú sífellt frumlegri aðferðir til að reyna að skilja hugsanlega kjósendur og ná til þeirra með áhrifaríkum pólitískum skilaboðum. Persónuverndarstofnunin hefur áhyggjur af að trú og traust á heilindi lýðræðislegra ferla sé rofið vegna þess að það eru vísbendingar um að kjósendur hafi ekki skilið með hve ósýnilegum hætti persónuupplýsingar þeirra voru notaðar. Þótt það kunni að vera sakleysilegt skapar það hættu á duldrí stjórnum sem grefur undan þessum ferlum. Þetta verður að breytast. Fólk getur einungis tekið sannarlega upplýstar ákvarðanir um hvern það vill kjósa ef það er visst um að ekki hafi verið höfð áhrif á ákvarðanir þess með óheiðarlegum hætti.

Sú skilaboðatækni sem frambjóðendur nota kann að vera mismunandi og breytast með tímanum. Ég er viss um að það mun gerast, en þeir verða allir að vinna út frá sömu reglum og lögum þegar kemur að gagnavernd og beinni markaðssetningu, burt séð frá aðferðinni eða framtíðartækniþróun. En hvernig enduðum við hér?

Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna árið 2016 um aðild Bretlands að Evrópusambandinu fóru af stað sögur í fjölmiðlum um að niðurstöðuna mætti rekja til misnotkunar gagna. Sumt af þessu bar vott um sjálfshól en annað tengdist deilingu og misnotkun gagna sem vakti áhyggjur varðandi deilingu gagna, lög um persónuupplýsingar og kosningalög. Þá nýskipaður forstjóri Persónuverndarstofnunarinnar, Elizabeth Denham, gaf út auglýsingu eftir sönnunum til að skilja hvernig gögn hefðu verið notuð. Eftir þá könnun setti hún á laggirnar stóra rannsókn til að skilja betur, í meiri smáatriðum, notkun persónuupplýsinga í nútímalegum lýðræðisferlum og til að skoða allt vistkerfið.

Rannsóknin beindist að rökum beggja hliða þjóðaratkvæðagreiðslunnar, öllum stjórnmalaflokkum og baráttuhópum, samfélagsmiðlum og mismunandi öflun persónuupplýsinga. Við notuðum þá aðferð að skoða allt vistkerfið. Rannsóknin óx upp í það að vera sú stærsta sem embættið hafði tekist á hendur og mögulega ein stærsta rannsókn af hálfu gagnaverndaryfirvalda í heiminum. Á starfsstöðinni tóku þátt 15 rannsakendur, tugir áhugasamtaka og um 100 einstaklingar sem tóku beinan þátt. Rannsóknin náði yfir Bretland, Bandaríkin og Kanada en einnig um 30 mismunandi lögsagnarumdæmi um allan heim. Eftir því sem við komumst að meiru og eftir því sem áhyggjur almennings af málinu jukust fór þingið okkar einnig að hafa áhyggjur. Neðri málstofa þingsins skipaði nefnd um stafræna miðla, menningu og íþróttir og felldi hana inn í starf sitt um upplýsingafölsun og falsfréttir. Ég mun deila með ykkur hér á eftir sumum þeim dæmum sem ollu þessum áhyggjum.

En hvað fundum við út í þessari rannsókn okkar? Við afhjúpuðum mjög flókna mynd af gagnastreymi. Í miðju hennar var fyrirtækið Cambridge Analytica og þeir einstaklingar sem það vann með, sem höfðu litla vitneskju um og virðingu fyrir lögum um persónuupplýsingar, en aðgang að gífurlegri greiningargetu, stórum gagnamengjum og, það verður að viðurkennast, frjóar hugmyndir um notkun þeirra. Rannsókn okkar fann starfsemi á jaðri valdsviðs nokkurra stofnana í Bretlandi. Hver þeirra var meðvituð um þessi viðfangsefni á útjaðri fyrirmæla sinna en var

**„Það er jafnmikilvægt fyrir heilindi kosninga í lýðræðisríkjum að allir aðilar sem koma að stjórnmalabarátta meðhöndli og vinni úr persónuupplýsingum á þann hátt sem samræmist lögum um gagnavernd á hverjum stað.“**

upptekin af meginfyrirmælum sínum og að reyna að finna út hvernig skilja mætti þessa starfsemi og, ekki síst, grípa til aðgerða innan ramma laga og reglna sem oft höfðu ekki breyst frá dögum blaðs og blýants. Það sem við fundum út um vistkerfið kom okkur nokkuð á óvart, ekki síst það sem forsætisráðherra hefur þegar nefnt um hraða og hugvitssemi gagnaflæðisins og um notkun, sem og úrræði, sumra andstæðinga okkar til að forðast virkt eftirlit. Ég held að fá okkar hafi til dæmis ímyndað sér að gögn sem safnað er frá mæðrum á fæðingardeild í skiptum fyrir ókeypis ungbarnavörur væri hægt að flokka á grundvelli pólitískrar greiningar og selja áfram í gegnum stjórnmalaflokka og koma þeim þaðan til frambjóðenda til að nýttast í einstaklingsmiðaðri markaðssetningu til þessara mæðra á flókinn hátt.

Að finna þetta út og útskýra það var lykilútkoma úr okkar vinnu. Við staðfestum að allir stjórnmalaflokkar sem við sendum fyrirspurnir til söfnuðu gögnum einstaklinga til að finna áhugahópa, til að geta sent pólitísk skilaboð til hópa eða einstaklinga. Þetta var gert bæði á landfræðilegum grunni, sem einblíndi sérstaklega á

**„Í gegnum herferðina Gögnin þín skipta máli höfum við deilt því hvernig borgarar geta verndað persónuupplýsingar sínar.“**

jaðarkjördæmi, en einnig á einstaklingsgrunni til að reyna að finna mögulega óákveðna kjósendur og beina skilaboðum til þeirra. Við komumst að því að allir þír helstu stjórnmalaflokkarnir áttu sinn eigin megingagnagrunn, sem var uppfærður oft í takt við kjörskrá og sem var aðgengilegur eftir því hvernig stjórnmalaflokkurinn var uppbyggður hvað varðar stjórnskipulag og gagnaskráningu, annað hvort miðlægt eða eftir kjördæmum flokksins. Þessi

gögn voru síðan borin saman við önnur gögn sem einstaklingar flokksins sjálfs öfluðu, þ.m.t. gögn veitt beint af einstaklingunum sjálfum, t.d. með því að ganga í hús, tölvupósti eða símtölum, en einnig könnunum. Stundum aflaði flokkurinn gagnanna í gegnum þriðja aðila, til dæmis gögnin sem ég nefndi frá fæðingardeildinni. Þetta leiddi svo af sér einstakan lið eða flokk byggðan á upplýsingum um lífsstíl, t.d. hvaða dagblað viðkomandi les, hvar hann verslar, þannig hlutir. Þetta var notað til að draga ályktanir um smekk og álit viðkomandi. Ýmsir aðilar nálgudust svo þessar upplýsingar, þ.m.t. aðilar sem stunda viðskipti með gögn eða fólk sem tengdist í gegnum flokkana á samfélagsmiðlum.

Í rannsókn okkar fundum við nokkur vandamál í vistkerfinu. Vegna þessa sektuðum við Facebook, nokkra baráttuhópa og gagnasöluaðila, en við báðum einnig stofnanir að styðja aðgerðir okkar gegn nokkrum nafngreindum einstaklingum. Við lögsóttum Cambridge Analytica og náðum fram sakfellingu og sektun og fyrirtækið hætti starfsemi á meðan rannsóknin stóð yfir. Við komum einnig fram með mikilvægar ráðleggingar til háskólanna og stjórnmalasamfélagsins. Eitt vandamálið í skýrslunni var að upplýsingar sem rannsækendur höfðu safnað, með siðferlinu og rannsóknunum í háskólum, höfðu komist út í pólitíska kerfið. Við áttum einnig í samstarfi við aðra eftirlitsaðila um allan heim til að byrja að berjast gegn þeim hegðunarmynstrum sem við sáum og enn í dag er verið að ljúka þeirra vinnu.

Það sem við höfum séð er að sumar auglýsinganna sem voru upphaflega í umferð og hægt er að sjá á síðu þingnefndarinnar, þar sem sjá má athugasemdir um að Evrópusambandið vilji fá sínu framgengt, voru svo notaðar til að safna upplýsing-

um og endurvinnna þær og setja þær inn í ferlið. Við höfum síðan séð þróun í átt að sífellt meiri upplýsingum um það hvernig sumir flokkanna heyja stjórnmalabaráttu með fyrirfram skilgreindri þátttöku. Í síðustu kosningum voru mun meiri upplýsingar og skýr skilaboð varðandi það hver greiðir fyrir hvaða auglýsingu og hver vill koma hvaða skilaboðum á framfæri.

Svo hvaða lærdóm drógum við af þessari rannsókn, sem gagnaverndaryfirvald? Í fyrsta lagi að til voru gagnamengi, risastór gagnamengi, og aðgangur að þeim reyndist of auðveldur. Einhver árangur hefur náðst síðan þá en nýleg rannsókn í Bretlandi gefur til kynna að um helmingur allra stjórna skilji ekki nógu vel hvar og hvernig virði gagna þeirra er og öryggisráðstafanir eru, sem þýðir að viðkomandi gögn eru hugsanlega mjög berskjölduð. Við höfum einnig komist að því að samskipti á milli fræðistofnana, einkageirans, samfélagsmiðla og opinberrar starfsemi styðjast við þessi gagnaflæði og við leiddum það í ljós í skýrslum okkar. Við komumst einnig að því að sem eftirlitsaðili þurfum við að vinna betur með öðrum—svo við tengjumst öllum þessum stofnunum<sup>1</sup> í rannsóknarvinnu okkar og sá máttur og geta ráða úrslitum fyrir gagnaverndaryfirvöld. Við þurfum að vera sveigjanleg með úrræði okkar til að mæta kröfum vistkerfisins og ná yfir víðtæka starfsemi. Til dæmis höfum við hjá Persónuverndarstofnuninni lært að setja á laggirnar fast teymi af starfsfólki okkar á sviði upplýsinga, rannsókna og endurskoðunar til að leiða þessa forgangsvinnu.

Í síðari kosningum í Bretlandi höfum við notað þessi úrræði í rauntíma svo við getum fylgt eftir úrlausnarefnum, veitt þeim sem taka þátt í ferlinu ráð varðandi hlítinu og flaggað ógnunum á meðan á kosningaferlinu stendur, frekar en að bíða til loka þess. Annar mikilvægur hlutur sem við lærðum var það hve flóknar tæknilegu áskoranirnar eru, sem ekki má vanmeta. Við tókum upp innan ICO—vegna bakgrunns sumra starfsmanna—lögreglumálsnálgun í gegnum sýndarherbergi með nokkuð skipulegu fyrirkomulagi við söfnun gagna, greiningu á þeim og svo að grípa til aðgerða. Jafnvel þá, í rannsókn sem safnaði 700 terabætum af upplýsingum og sönnunargögnum, var þetta nokkur áskorun að skipuleggja og reyna að fá botn í. Við lærðum líka að alþjóðlega víddin var nauðsynleg og hluti af því sem við höfum lært er að fast fyrirkomulag þarf að vera til staðar fyrir samvinnu við samstarfsaðila okkar og það liggur að baki vinnu okkar með Alþjóðlega persónuverndarþinginu; að tryggja að tæki til alþjóðlegrar samvinnu séu til staðar svo að gagnaverndaryfirvöld geti unnið saman á áhrifaríkan hátt. Við höfum lært af reynslunni að það er erfitt að byggja upp þessi sambönd í miðri rannsókn; það er mun betra að þau séu til staðar frá upphafi.

Við höfum líka lært að nálgunin á allt vistkerfið í heild er rétta aðferðin. Samkvæmt hefðbundnum rannsóknarlíkönum fyrri tíma hefðu yfirvöld einungis beint sjónum sínum að persónuupplýsingamálum og hefðbundnum stofnunum sem við höfum eftirlit með. Áskoranir viðfangsefna, t.d. í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðsluna, baráttuhópa fyrir sérstökum málum sem spretta upp, hefja sína starfsemi og eru lagðar niður frekar fljótt, voru verulegar. Mikil starfsemi átti sér stað og miklar líkur á að tapa sönnunum fyrir henni. Á sama hátt er innihald skilaboðanna eitt og sér

<sup>1</sup> Persónuverndarstofnun Bretlands; Breska stofnunin um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi; Breska forsætisráðuneytið; Breska kosningastofnunin; Netöryggismiðstöð Bretlands, hluti af Bresku öryggis- og leyniþjónustunni og Nefnd um stafræna miðla, menningu og iþróttir

mikilvægt fyrir okkur; fjármögnun auglýsinga og ekki síður auglýsandinn, aðferðin og markhópur skilaboðanna eru einnig mikilvæg. Það er hér, ef ég má líta til framtíðar, sem ég tel að gagnaverndaryfirvöld geti gegnt lykilhlutverki. Við þurfum líka að festa samstarf í sessi; síðan þá höfum við einnig unnið viðbragðsgreiningar, sviðsmyndagreiningar og sameiginlegt áhættumat með samstarfsfélögum okkar. Við höldum nú fundi reglulega og deilum upplýsingum með kollegum okkar í Netöryggismiðstöð Bretlands og bresku stofnuninni um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Við fléttum þematengdan skilning úr gagnabrotaskýrslunum, sem við fáum samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni (*e. GDPR*), saman við sérþekkingu þeirra til að tryggja að báðir aðilar skilji stóru ógnamyndina eins vel og hægt er svo við getum fléttað það inn í fyrirbyggjandi eftirlit og endurskoðunarvinnu okkar í hlutverki gagnaverndaraðila. Við styrktum kollega okkar í teyimum forsætisráðuneytisins til að tryggja að við höfum ásamt kosninganefndinni leiðir til að efla úrræði okkar í kosningaferlinu og, ef þörf krefur, á tímabilinu rétt fyrir kosningaferlið.

Við höfum leitt saman þessi þverfaglegu teymi rannsakenda, endurskoðenda, stefnusérfræðinga, tæknifólks og netteyma til að vinna saman að þessum áskorunum. En viðnám kemur ekki bara frá eftirlitsaðilum; það verður líka að koma frá almenningsi svo við einblíndum á opinberar upplýsingar og árvekni. Í gegnum herferðina **Gögnin þín skipta máli** höfum við deilt því hvernig borgarar geta verndað persónuupplýsingar sínar og við höfum haldið áfram vinnu okkar við að útskýra vistkerfi gagnanotkunar, svo að borgarar geti brugðist við í samræmi við það. Við höfum einnig skoðað okkur sjálf og hvernig við getum bætt lög okkar, vinnuaðferðir og snerpu. Við höfum verið áhugasöm um að deila því sem við lærðum þar. Við vitum að löggin leiddu til þess að breytingar voru íhugaðar í Bretlandi og Evrópusambandinu, sem og víðar. Þingnefndin hefur einnig beitt áhrifum með því að koma ráðleggingum okkar áleiðis ásamt sínum eigin, til að aðstoða þingið við að móta nýtt fyrirkomulag og lög, og mun fljótlega birta leiðbeiningar fyrir stjórn málaflökka til að hjálpa þeim að meðhöndla gögn á áhrifaríkan hátt.

Þetta verður áframhaldandi vinna og úrlausnarefni fyrir gagnaverndaryfirvöld. Á fundi okkar í Tirana í árslok 2019 samþykktum við ályktanir um frekari vinnu við notkun laga um persónuupplýsingar til að fást við öfgakennt efni í kjölfar atburðanna hræðilegu í Christchurch, en einnig sem eitt af regluþemunum til að sjá hvernig við getum unnið betur sem gagnaverndarsamfélag til að byggja upp viðnám og varnir í okkar eigin nærsamfélögum. Við höfum hafið vinnu við að skoða hlutverk réttarins til friðhelgi einkalífsins í að styðja við lýðræðislega skyldu og við hjá ICO höfum ekki gleymt nálguninni á vistkerfið í heild og við höfum sinnt eftirfylgni hjá lánshæfisstofnunum og gagnasölugeiranum í Bretlandi til að tryggja að tekið sé á þessum málum. Niðurstöður okkar hafa einnig verið notaðar í okkar eigin leiðbeiningum innanlands og við munum fylgja háskólunum eftir í tengslum við notkun rannsóknagagna og siðfræðileg málefni í rannsóknaverkefnum með mikið magn persónuupplýsinga. Þar höfum við notið aðstoðar innanbúðar frá kollegum okkar hjá Miðstöð gagnasiðferðis og nýsköpunar til að tryggja að við kæfum ekki nýsköpun heldur styðjum hana réttu leiðina. Málið er ekki gagnaleynd eða nýsköpun, heldur nýsköpun með gagnaleynd.

Í Bretlandi heldur þingnefnd lávarðadeildarinnar, nefnd um lýðræði og stafræna tækni, áfram að skoða samhengið, áskoranir og framtíðaráhrif nýrrar og verðandi tækni á lýðræðisleg ferli. Eitt af því sem við gerum er að rannsaka Artech iðnaðinn ásamt því að halda áfram að fylgjast með yfirstandandi kosningum og gagnanotkun. Hópurinn kann að hafa áhuga á því að undanfarið hefur breska ríkisstjórnin flýtt vinnu við að bæta reglur um skaðlegt efni á netinu, þ.m.t. öfgakennt efni, upplýsingafölsun og pólitísk skilaboð. Við munum vinna með nýja eftirlitsaðilanum til að tryggja hnökra-laust eftirlit með notkun skilaboða, sem og efnis, samkvæmt reglunum.

Ég vona að þetta yfirlit yfir rannsókn okkar, þau mál sem upp komu og næstu skref hafi verið gagnlegt innlegg í umræður okkar hér í dag. Þetta er mjög brýnt mál fyrir lýðræðisríki okkar allra. Tæknin hefur mikla möguleika á að styrkja borgaralegt samtal okkar og auka skuldbindingu borgaranna og það er allt gott og blessað. Hins vegar þarf hún að njóta almenns trausts til að svo megi vera og borgarar þurfa að hafa tryggingu fyrir því að gagnaleynd sé í heiðri höfð og gagnalögum fylgt í því ferli. Það krefst sameiginlegs átaks mismunandi aðila og gagnaverndaryfirvalda sem ég tel að gegni þar stóru hlutverki og ég er viss um að viljinn er til staðar hjá okkur öllum til að gera þetta vel og ég hlakka til umræðna okkar hér í dag.

Takk fyrir.

**„Tæknin hefur mikla möguleika á að styrkja borgaralegt samtal okkar og auka skuldbindingu borgaranna og það er allt gott og blessað. Hins vegar þarf hún að njóta almenns trausts til að svo megi vera og borgarar þurfa að hafa tryggingu fyrir því að gagnaleynd sé í heiðri höfð og gagnalögum fylgt í því ferli.“**

# 1.

Fyrsta pallborðslota:

## Hefðbundin og óhefðbundin viðbrögð við fjölþáttaáskorunum

Stjórnandi:

*Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands*





**Antonio Missiroli,**  
**aðstoðarframkvæmdastjóri deildar um nýjar öryggisáskoranir, NATO**

Dömur og herrar,

Góðan daginn,

Það er mér mikil ánægja og heiður að vera hér í dag. Ég varð þess aðnjótandi fyrir meira en tuttugu árum að hitta Alyson Bailes, sem kenndi lengi við þennan háskóla og ég var líka svo lánsamur að vera í sambandi við hana í mörg ár. Ég verð að segja að hennar er enn sárt saknað og skarpskyggni hennar og skýrleiki við greiningu á nýframkomnum öryggisáskorunum hefði orðið að miklu gagni fyrir okkur öll í dag.

Ég ætla að byrja á lítilli frásögn. Rétt eftir kaldastríð, þegar NATO þurfti að laga sig að glænýju hernaðarumhverfi, líkti fyrrum kollegi, embættismaður NATO, ástandinu við það að „mála lest á ferð“ eða „gera við bíl í gangi“. Það er ekki annað hægt en að skilja þá tilfinningu. NATO breyttist sannarlega hratt hvað varðar stefnu, áætlun, hernaðarmannvirki, útbreiðslu og jafnvel meðlimi. Í dag erum við beðin að mála enn aðra lest á ferð, að gera við annan bíl í gangi. En í þetta sinn fer lestin jafnvel hraðar og er að hluta til ósýnileg, bílinn er að hluta til hljóðlaus. Ég er auðvitað að tala um þörfina fyrir að NATO bregðist við fjölpáttáögnum.

Fjölpáttáögnir eru sannarlega einstök áskorun fyrir stofnun eins og NATO. Þær má út línur á milli friðar, hættuástands og stríðs. Markmið þeirra er að grafa undan pólitískri samheldni með því að reyna að magna upp ágreiningu á milli samfélaga. Þær skapa margræðni til að flækja samhljóða ákvarðanatöku og þær geta grafið undan hernaðarviðbrögðum NATO við hættuástandi, t.d. með því að trufla liðsaukaaðgerðir NATO. Hvernig á NATO þá að bregðast við til að mæta áskorunum fjölpáttáögna? Hvers konar aðferðir eigum við að tileinka okkur? Hvaða tilteknu tól verðum við að smíða til að fyrirbyggja eða verjast fjölpáttáögnum?

Í fyrst lagi verðum við að efla næmi á aðstæður, við verðum að vera betri í að sjá heildarmyndina. Eru til dæmis netárás á höfn hér á Íslandi og samhliða herferð falsfrétta í Noregi eða Danmörku bara tilviljanakenndir atburðir eða hluti af skipulagðri fjölpáttaherferð? Ein leið til að komast að því er að bæta hvernig við deilum upplýsingum. Fyrir nokkrum árum stofnuðum við sameiginlega upplýsinga- og öryggisdeild meðal alþjóðastarfsfólks NATO, sem felur í sér einingu sem sér eingöngu um að greina fjölpáttáögnir. Deildin hefur reynt vera áhrifarík kerfisnýjung og veitt okkur haldgóða greiningu á þeim sem mynda fjölpáttáögnir og aðferðum þeirra.

**„Fjölpáttáögnir eru sannarlega einstök áskorun fyrir stofnun eins og NATO. Þær má út línur á milli friðar, hættuástands og stríðs. Markmið þeirra er að grafa undan pólitískri samheldni með því að reyna að magna upp ágreiningu á milli samfélaga.“**

Í öðru lagi verðum við að halda áfram að æfa krefjandi fjölþáttasviðsmyndir með því að fella fjölþáttaatriði inn í æfingar fyrir þau okkar sem taka her- og stjórn-málaákvæðanir, til að takast á við vandamál sem fjölþáttaógnir geta valdið. Til dæmis um hvernig nálgast skuli spurningar um hvenær eigi hefja sameiginlega aðgerð í nafni NATO, í tilvikum þar sem árás andstæðingsins er fyrir neðan það sem við köllum hreyfistig, hefðbundið hernaðarstig þegar skriðdrekar fara yfir land-mæri eða flugvélar skjóta á herstöðvar. Ef NATO ætti að bíða með sameiginlegar aðgerðir þar til árársaðilinn beitir hreyfiaðferðum gæti hættulegt bil myndast á milli árása og viðbragða við þeim. Aðgerðaleyfi gæti leitt til stigmögnunar. Þar af leiðandi þarf NATO að skoða mun betur möguleikana á sameiginlegum aðgerðum undir hreyfistigi. Í maí síðastliðnum héldum við hættustjórnunaræfingu sem hét CMX19 þar sem net- og fjölþáttaatriði, m.a. á norðurslóðum, voru prófuð og æfð við raunverulegar aðstæður. Fyrir tveimur dögum hélt Norður-Atlantshafsráðið sviðs-myndarumræður, aftur um sömu sviðsmynd, og seinna á þessu ári munu sams konar sviðsmyndarumræður eiga sér stað hjá félögum okkar í Finnlandi, Svíþjóð og Evrópusambandinu.

Það leiðir mig að þriðja atriðinu. Við þurfum að smíða sérstök tól, svo sem stuðningsteymi okkar gegn fjölþáttaógnum. Þess háttar teymi samanstendur af borgaralegum sérfræðingum sem hægt væri að virkja að beiðni bandalagsþjóðar. Bandalagsþjóð verður að krefjast þess að slíkt teymi sé notað og teymin má virkja á tímum hættuástands til að sýna að NATO sé vakandi og á sama tíma er það merki um samstöðu með þeirri bandalagsþjóð. Hins vegar, með hliðsjón af sérþekkingu slíks teymis á stefnumiðuðum samskiptum, gagnnjósnum eða verndun mikilvægra innviða, gæti það einnig veitt ráðgjöf til að bæta fyrirkomulag ríkja við að standast fjölþáttaógnir. Stuðningsteymi gegn fjölþáttaógnum eru merki um þróunar-möguleika NATO undir mörkunum í 5. grein. Vissulega hafa bandalagsþjóðirnar sagt

**„Við þurfum að smíða sérstök tól, svo sem stuðningsteymi okkar gegn fjölþáttaógn-um. Þess háttar teymi samanstendur af borgaralegum sérfræðing-um sem hægt væri að virkja að beiðni bandalagsþjóðar.“**

að fjölþáttaógnir geti virkjað 5. greinina, en áhersla okkar núna verður að vera á það sem herinn okkar kallar „til vinstri við bankasviðsmyndir og -uppákomur“.

Í fjórða lagi, að dýpka sambandið á milli NATO og Evrópusambandsins. Markmið okkar verður að vera að færa ólíkar verkfærakistur okkar nær hver annarri. Til dæmis hefur hvor stofnunin um sig, í gegnum óformlega samvinnu, þróað áætlun um viðbrögð sín við fjölþáttastarfsemi. Við höfum einnig hafið þátttöku í því sem við köllum hliðstæðar og samræmdar æfingar, og Evrópska öndvegissetrið

um aðgerðir gegn fjölþáttaógnum, sem Finnland stofnaði nýlega, auðveldar samvinnu. Ég er viss um að Kirsti Narinen mun veita ykkur frekari upplýsingar um vinnu þeirra og áætlanir, seinna í dag.

Í fimmta lagi, að efla viðnám þjóða. Fyrst að flestar fjölþáttaárásir eiga sér stað innan einstakra þjóða verður NATO að tryggja að sérhvert aðildarríki hafi nægilegt viðnám til að halda áfram að starfa sem áreiðanleg bandalagsþjóð, til dæmis þegar NATO hyggst senda liðsauka á tímum hættuástands. Í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Varsjá var lögð áhersla á viðnám sem grundvöll fyrir trúverðugum hindrunum og

vörnum. Í samræmi við þá yfirlýsingu hafa bandalagsþjóðir heitið því að bæta við-nám sitt og varnir við hvers kyns ógnum, þ.m.t. fjölpáttáðgnum. Efling viðnáms og varna er á ábyrgð einstakra þjóða en NATO hefur gefið út leiðbeiningar sem þjóðir geta haft til viðmiðunar þegar þær meta til dæmis orkugeirann eða stefnumiðuð samskipti. Þessi skilyrði eru uppfærð reglulega í takt við nýja þróun, þ.m.t. tilkomu 5G samskiptastaðalsins.

Í sjötta lagi, eignun, með öðrum orðum að birta nöfn þeirra sem standa að baki fjölpáttáðgnum. Strangt til tekið er eignun ákvörðun hvers ríkis um sig. Hins vegar munum við að þegar rússnesk stofnun reyndi að drepa fyrrum gagnnjósnara í bresku borginni Salisbury í mars 2018 þá eignuðu flest NATO og ESB ríki Rússlandi árásina opinberlega. Ekki síður mikilvægt er að bandalagsþjóðir NATO og samstarfs-lönd ráku fjölmarga rússneska diplómata. Slíkar aðgerðir gætu haft varnaðaráhrif á að minnsta kosti suma gerendur. Jafnvel þó að sameiginleg eignun sé pólitískt viðkvæmt mál þurfum við að halda áfram að þrýsta á. Þið hafið kannski fylgst með málinu í síðustu viku af opinberri eignun sem Georgia beitti vegna netárása gegn helstu fjölmíðlum landsins í október 2019, sem var fylgt eftir með yfirlýsingu frá nokkrum NATO og ESB löndum. Ég legg til að þið berið saman eðli þessara yfirlýsinga; sumar eignuðu árásina leyniþjónustu rússneska hersins í takt við yfirlýsingu Georgíu, aðrar fordæmdu aðgerðina en nefndu ekki gerandann að baki henni og þar liggur munurinn sem gera þarf ráð fyrir í mismunandi nálgun þjóða.

Í sjöunda lagi, fyrirkomulag funda. Hefðbundnir NATO fundir eru haldnir með utan-ríkis- og varnarmálaráðherrum og stöku sinnum þjóðhöfðingjum. En fjölpáttáðgnir ná langt út fyrir verkahring varnar- og utanríkisráðuneyta. Þess vegna köllum við fleiri þátttakendur að borðinu. Í maí á síðasta ári, til dæmis, héldum við fyrsta óformlega fundinn í sögu Norður-Atlantshafsráðsins, með þjóðaröryggisráðgjöfum og fleiri háttsettum embættismönnum sem fást við fjölpáttáðgnir. Fundurinn undir-strikaði þörfina fyrir nálgun ríkisstjórna í heild til að fást við slíkar ógnir og ég vona að hann hafi hjálpað okkur að brjóta smám saman niður hindranir á milli stofnana sem enn hamla vinnu okkar.

Dömur og herrar, þetta stutta yfirlit yfir viðbrögð NATO við fjölpáttáðgnum hefur vonandi leitt eitt í ljós; NATO getur málað lest á ferð, jafnvel þó að lestin sé hraðskreið og jafnvel gert við Formúlubíl í leiðinni. Lykillinn að árangri er að falla ekki í þá gryfju að halda að fjölpáttáðgn sé einhvers konar undraaðferð sem engin lækning er til við. Fjölpáttáðgn er ekki undraaðferð. Ef við höldum áfram að auka árvekni okkar og viðnám og ef við höldum áfram að dýpka samband okkar við ESB getum við útskýrt fjölpáttáðgn sem aðferð sem vel er hægt að greina, hugsanlega hindra og að lokum sigra.

Þakka ykkur kærlega fyrir,



**Nora Biteniece,**  
**hugbúnaðarverkfræðingur, Öndvegissetur NATO**  
**um stefnumiðuð samskipti í Ríga**

Góðan daginn,

Til að gefa tóninn fyrir umræðurnar í dag langar mig að segja ykkur frá tilviksrannsókn sem við gerðum fyrir ári síðan. Áður en ég byrja, Öndvegissetur NATO um stefnumiðuð samskipti, er ekki hluti af valdbraut NATO jafnvel þó að NATO sé í nafni þess. Markmið miðstöðvarinnar er að efla stefnumiðuð samskipti NATO með rannsóknum, tilraunum, kenningaþróun, þjálfun og menntun.

Í tilviksrannsókninni sem við gerðum fyrir ári síðan, á meðan á ríkisheræfingu í Lettlandi stóð, máttum við hvort við gætum safnað nægum opinberum upplýsingum um þátttakendur og æfinguna til að hafa áhrif á hegðun þeirra á æfingunni, á þann hátt sem myndi ganga gegn fyrirskipunum þeirra. Þetta er það sem við gerðum. Í fyrsta lagi bjuggum við til beitu, eitthvað sem við gætum notað til að lokka herþjónustumenn og -konur til að upplýsa að þau tækju þátt í þessari tilteknu æfingu. Næsta skref var að víkka út tengslanet okkar af þátttakendum í æfingunni, þriðja og fjórða skrefið voru annars vegar að rannsaka þekktu þátttakendurna til að finna allar upplýsingar um þá sem hægt var, veikleika þeirra og varnarleysi. Í öðru lagi að fylgjast náið með æfingunni sjálfri. Síðasta skrefið, en ekki það sísta, var að ná til þessara þátttakenda og tengjast þeim. Í þessu skrefi notuðum við bragðvísi-aðferðir sem og aðrar aðferðir til að ná markmiði okkar. Í raun leit þetta um það bil svona út:

- Búa til falskar persónur
- Beitusíður á Facebook
- Lokuð síða á Facebook
- Bein og óbein tenging í gegnum samfélagsmiðla
- Búa til vefsíðu sem selur varning

Þremur vikum fyrir æfinguna byrjuðum við að búa til falska prófíla á mismunandi samfélagsmiðlum, Facebook, Instagram, YouTube og Twitter. Við bjuggum til falska Facebook síðu fyrir æfinguna sem líkti eftir opinberum skilaboðum Lettneska hersins og við póstuðum aðeins réttmætum skilaboðum á þeirri síðu. Við markaðssettum þessa síðu hjá hópi sem við töldum að gæti átt að taka þátt í æfingunni, þ.e. fólki á aldrinum 18-55 ára sem bjó í Lettlandi, hafði áhuga á her Lettlands eða starfaði þar. Allir sem hafa búið til Facebook auglýsingu vita að það er auðvelt að þrengja markhópin niður í jafnvel skilyrði um að starfa hjá eða hafa áhuga á hernum. Við markaðssettum þessa síðu til að ná til hugsanlegs markhóps og þegar við höfðum safnað töluverðum fjölda fylgjenda bjuggum við til lokaðan hóp sem við notuðum til að lokka þátttakendur inn í. Næsta skref var að tengjast bæði beint og óbeint því fólki sem við vissum að myndi taka þátt í æfingunni.

Annað skref sem við tókum sýnir að ekki ganga allir þættir vel; þetta var bolur sem við bjuggum til og seldum á vefsíðunni með söluvarningi æfingarinnar. Þetta gekk ekki, en allir aðrir árásarþættir gengu vel. Í fyrstu viku aðgerða okkar tóku varnamálaráðuneytið og herinn nokkuð fljótlega eftir fölsku síðunni og tilkynntu hana til Facebook, en ekkert gerðist. Þeim tókst ekki að fá stuðning svo þau sendu út skilaboð til hersins þar sem fólk var beðið um að fylgja ekki fölsku síðunni eða deila skilaboðum frá henni. Við héldum aðgerðum áfram í annarri viku. Við bjuggum til lokaðan hóp, við fengum yfir 90 manns sem meðlimi og auglýstum aftur til að koma þessum lokaða hóp á framfæri. Í annarri viku, en ekki fyrr en kanslaraskrifstofan blandaði sér í málið, lokaði Facebook loksins síðunni. Sem er auðvitað óásættanlegt í hættuástandi, að til sé fölsk síða sem safnar upplýsingum um herlið þitt vikum saman áður en Facebook aðhefst nokkuð.

Í heildina var síðan opin í tvær vikur og safnaði yfir 320 fylgjendum. Henni var lokað en hópnum var aldrei lokað og hann er enn virkur í dag. Heildarniðurstaðan er að við bárum kennsl á fjölda einstakra þátttakenda, við fundum líka út nákvæma staðsetningu nokkurra hersveita og tímasetningar ferða hermanna við störf. Okkur tókst einnig að kalla fram ákveðna hegðun. Við notuðum samfélagsmiðla og stefnumótaöpp og fengum GPS staðsetningar könnunardeilda og okkur tókst meira að segja að fá tvær manneskjur til að yfirgefa hermannaskála sína á meðan á æfingu stóð til að hitta skáldaða stúlku.

Hér eru nokkur dæmi um hluti sem við tókum eftir á meðan á tilrauninni stóð. Við höfðum samband við starfsfólk hersins í gegnum falskan prófíl og spurðum hvaða hersveit það tilheyrði og hvenær þær yrðu við störf. Þetta er bara til að sýna að fólk beitir ekki sömu öryggisráðstöfunum í stafræna heiminum og það gerir í efnisheiminum. Þetta nær út fyrir herinn. Þetta hefði alveg eins getað verið falskur prófíll sem lofaði fjárhagslegum ávinningi í skiptum fyrir ákveðna hegðun. Fólk lítur bara ekki á stafræna umhverfið sem jafn óöruggt og efnislega umhverfið. Í lokaða hópnum báðum við líka alla sem eru í 17. eða 19. hersveitinni að gefa sig fram og fólk svaraði í alvörinni í athugasemdakerfinu. Þessi hópur er óopinber og innleggið er búið til af fölskum prófíl og fólk svarar.

**„Þetta er bara til að sýna að fólk beitir ekki sömu öryggisráðstöfunum í stafræna heiminum og það gerir í efnisheiminum.“**

Annað dæmi sem við fundum var á stefnumótaappi sem við notuðum til að bera kennsl á og tengjast þátttakendum í æfingunni. Með því að nota appið fengum við upplýsingar um skírnarnafn þeirra, eftirnafn, aldur, fjarlægð frá fölsku staðsetningunni okkar og hersveit þeirra. Vegna þess að einn einstaklingur póstaði mynd af sjálfum sér í einkennisbúningi, herlögreglumaður, fundum við út að öll bílalest hans var í innan við fimm mílna fjarlægð frá okkur. Við bárum upplýsingarnar sem við söfnuðum um þessa manneskju saman við upplýsingar á öðrum samfélagsmiðlum og annars staðar á netinu og fundum út hvað hann vann við, tekjur og að hann á maka og barn en notar samt stefnumótaapp, sem gefur til kynna að viðkomandi sé gott skotmark af því að hann hefur eitthvað að fela.

Hvað gerði það að verkum að ódýra, litla aðgerðin okkar gekk svona vel? Í fyrsta lagi var það auglýsingamarkkerfi Facebook; við þurftum ekki að gera annað en að segja Facebook að við vildum ná til allra á ákveðnu aldursbili, í Lettlandi, sem hefðu áhuga á eða störfuðu hjá hernum og það gerði restina fyrir okkur. Í öðru lagi voru

Það möguleikarnir á að búa til lokaðan hóp og stinga upp á vinum. Lokaðir hópar eru nokkuð vinsælir á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum svo sem Contacted. Þeir gera notendum kleift að hafa samskipti við fólk án utanaðkomandi afskipta vegna þess að aðeins þeir sem eru í hópnum geta séð hvað gerist þar. Hér tókum við þó eftir, eftir því sem tilrauninni miðaði áfram, að fólk fór að veita meira viðnám; ef það póstaði í hvaða herdeild það var var búið að eyða því eftir nokkra klukkutíma. Eftir því sem við skrifuðum fleiri innlegg fengum við færri svör. Fólk veitti meira viðnám eftir því sem tilrauninni vatt fram, sem gefur til kynna að það hafi verið einhvers konar sjálfskipuð stjórn innan markhópsins sem tók eftir því að eitthvað var að gerast og lagaði sig nokkuð fljótt að aðstæðum. Það skref sem fólst í að ná til fólks og tengjast því var nokkuð auðvelt vegna gagnanna sem við söfnuðum um fólk. Við gátum nálgast símanúmer þess í gegnum leitarvél, sem er óheft starfsemi eins og er — ef mér skjátlást ekki — stefnumótaöpp og síður samfélagsmiðla.

Helstu niðurstöður þessarar tilraunar eru að stafræna umhverfið hefur að geyma gríðarlegt magn upplýsinga um hvern einstakling og hægt er að safna þessum gögnum á löglegan hátt, svo við þurftum ekki að gera neitt ólöglegt. Við brutum þjónustuskilmála Facebook, Instagram og YouTube, en við gerðum ekkert ólöglegt. Hermenn og öryggisstarfsmenn eru ekki einu skotmörk slíkra árása, bragðvísi og

**„Stafræna umhverfið hefur að geyma gríðarlegt magn upplýsinga um hvern einstakling og hægt er að safna þessum gögnum á löglegan hátt, svo við þurftum ekki að gera neitt ólöglegt.“**

persónugervinga. Nánast allar mikilvægar stofnanir verða þegar fyrir þess konar árásum. Það verður að mennta fólk varðandi þessar hættur á netinu. Við trúum einnig að besta leiðin til að þjálfa starfsfólk eða opinbera starfsmenn sem og almenning sé að nota andstæðingsaðferðina (*e. Red Team*). Í fyrsta lagi, á meðan á tilrauninni stóð fundum við út hver nýjasta tæknin var, hvernig ætti að falska símtöl í Lettlandi og hvaðan við ættum að safna gögnum. Við framkvæmdum okkar eigin rannsókn á tiltækum tólum og möguleikum og þjálfuðum fólknið okkar. Á meðan á æfingunni stóð þjálfuðum við og prófuð-

um samskipta- og tilkynningakerfi varnarmálaráðuneytisins og hersins sjálfs, sem var líka mjög gagnlegt.

Hvers vegna skiptir þetta máli? Hvað hefur þetta með fjölpáttaógnir að gera? Það eru misunandi áhrifaaðferðir innan mismunandi samfélagshópa. Ungu kynslóðin notar samfélagsmiðla mikið svo þeir eru notaðir til að hafa áhrif á hana. Markmiðið er að hafa áhrif án þess að hreyfing eigi sér stað. Það er að segja að hafa áhrif á ákvarðanatöku einhvers.

Takk fyrir.



# Umræður

**Stjórnandi: Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands

Þátttakendur: **Antonio Missiroli**, aðstoðarframkvæmdastjóri deildar um nýjar öryggis-áskoranir, NATO, **Nora Biteniece**, hugbúnaðarverkfræðingur, Öndvegissetur NATO um stefnumiðuð samskipti í Ríga, **Helga Þórisdóttir**, forstjóri Persónuverndar, **Björn Bjarnason**, skýrslugjafi um utanríkis- og öryggismál fyrir hönd norrænu utanríkisráðherranna, **Sveinn Helgason**, sérfræðingur í stefnumiðuðum samskiptum, NATO

Fjögur meginþemu komu fram í umræðum í kjölfar ræðanna í fyrstu lotu. Þau eru: **1) Fjórhá iðnbyltingin**, **2) Samfélagsmiðlar**, **3) Eiginleikar fjölpáttáógnna**, **4) Hlutverk og ábyrgð yfirvalda varðandi fjölpáttáógnir og netöryggi**.

Þessum umræðuútdrætti er ætlað að veita yfirlit yfir rökræðurnar í pallborðinu en ekki að sýna einstakar skoðanir eða álit þátttakenda.

## Fjórhá iðnbyltingin

Þátttakendur í þessu pallborði ræddu hina yfirstandandi fjórðu iðnbyltingu þar sem aðalmálið er gögn, þar með talið persónugreinanlegar upplýsingar. Þetta er áhyggjuefni hvað varðar fjölpáttáógnir þar eð persónugreinanleg gögn eru notuð af ríkisstjórnnum sem og bæði opinberum aðilum og einkaaðilum í öllum geirum á hverjum degi. Þetta er meginmálið, hvernig gögn okkar eru notuð.

Nú þegar er núverandi tækni og kerfi svo sem Google leitarvél, YouTube eða Netflix tillögur, eða í raun hvaða kerfi eða stafræna þjónusta sem er sem notar flokkunarreiknirit, að færa notendum meira af sérsniðinni upplifun. Samt neita flestir að horfast í augu við þá staðreynd.

Til að lágmarka þá ógn sem lýðræðisríkjum okkar stafar af þessu verða kjósendur að skilja það stafræna umhverfi sem við búum við, hvernig þeir eru stöðugt mótaðir af samfélagsmiðlum og leitarvélum.

Það verður að fræða kjósendur um þessi kerfi svo þeir geti komið auga á hluti svo sem fölsuð myndbönd (*e. deep fakes*). Þjálfun og menntun verða að vera hluti af tækniþróun og við sem neytendur ættum að krefjast meira gagnsæis af þessum risastóru tækniyfirtækjum sem nota okkar upplýsingar.

## Samfélagsmiðlar

Þátttakendur notuðu líka dæmi svo sem Cambridge Analytica málið, sem hafa sýnt að fólk hefur verið skotmark einstaklingsmiðaðrar markaðssetningar án þess að gera sér nokkra grein fyrir því. Samfélagsmiðlar veita stjórnmalaflokkum beinan aðgang að sérhverjum kjósenda og með því að nota rétta tækni geta flokkarnir miðað á einstaka kjósendur innan þeirra.

Google og aðrar leitarvélar hafa einnig sífellt áhrif á okkur og þær leitarniðurstöður sem ein manneskja sér eru frábrugðnar niðurstöðum þeirrar næstu. Við verðum sífellt mótaðri af leitarvélaum, YouTube, Netflix og öðrum samfélagsmiðlum eftir því sem við notum þá meira. Skorturinn á gagnsæi og regluverki í kringum þessa vettvanga er áhyggjuefni.

Á Íslandi nota 9 af hverjum 10 sama samfélagsmiðilinn, þ.e. Facebook, og 99% Íslendinga nota internetið á hverjum degi. Þetta auðveldar það að fylgjast með og spá fyrir um umræður heillar þjóðar. Hún kann að vera lítil, en við erum samt að tala um heila þjóð.

### Eiginleikar fjölpáttáóгна

Þátttakendur undirstrikuðu einnig að fjölpáttáógnir eru flókið vandamál án einfaldrar lausnar.

Fjölpáttáherferðir eru venjulega ekki takmarkaðar við upplýsingafölsun, þær geta falið í sér þvingun, spillingu, ögrun, ásakanir erlendis frá og truflanir á samskiptum, svo eitthvað sé nefnt. Fjölpáttáherferðir, eins og við þekkjum þær, eru gjarnan sniðnar að ákveðnum aðstæðum og veikleikum hvers skotmarks, jafnvel þó aðferðirnar séu svipaðar og þekktum mynstrum sé fylgt.

Hvað kosningabaráttu varðar einblína fjölpáttáherferðir á þau málefni sem hægt væri að nota til að sundra þjóðfélaginu enn frekar og gera þar með stöðu framtíðarríkisstjórnar enn erfiðari en hún þyrfti að vera. Þeir leita að hagfræðilegum veikleikum til að nota, svo sem beinni erlendri fjárfestingu, ákveðnum hagsmunum á svæðinu, náttúruauðlindum og svo framvegis. Málum sem þeim finnst henta að nota sem upphafspunkt á flókinni baráttu.

Að lokum var bent á að við ættum ekki að líta á fjölpáttáherferðir sem ógnir þar eð við verðum þegar fyrir stöðugri árás.

### Hlutverk og ábyrgð yfirvalda varðandi fjölpáttáógnir og netöryggi

Að lokum ræddu þátttakendur í þessari lotu vald þeirra sem hafa kunnáttu, vilja og tækifæri til að ná til fólks á samfélagsmiðlum til að hafa áhrif á hegðun þess, t.d. hvernig viðkomandi kys í kosningum. Tengingin á milli þessa áhrifavalds, ógna við þjóðaröryggi og mikilvægis gagnaverndar skyldi ekki vanmetin.

Tækin sem fólk notar á hverjum degi verða sífellt tengdari við internetið og auka þar með hættuna á að hver sem er geti fengið aðgang að persónulegum, greinanlegum upplýsingum. Spurningum var varpað fram um öryggi mikilvægra innviða okkar, með fjölpáttáógnir í huga, t.d. þegar lækningatæki á spítölum eru tengd við internetið og persónulegar sjúkraskrár eru tengdar internetinu.

Hve langt geta ríkisstjórnir gengið í að sporna gegn þessum ógnum, í nafni þjóðarhagsmuna og -öryggis? Það þarf að hafa ábyrgð og takmarkanir í huga, í stjórnarskránni segir t.d. að einkalífnið sé friðheilagt. Í tilviki Íslands er áhugavert að velta fyrir sér hvaða úrræði ríkisstjórnin hefur. Það er enginn her og varnir byggjast á aðstoð borgaranna. NATO býður leiðbeiningar, en engu að síður er það á ábyrgð þjóðarinnar að sporna gegn fjölpáttáógnum. Ísland hefur gagnaverndarkerfi byggt á borgunum til að verja markaðinn og tryggja að persónuupplýsingar séu varðar, en þetta er miklu stærra mál.

Ísland er mjög stafrænt samfélag en býr ekki yfir nauðsynlegum vörnum hvað varðar fjölpáttáógnir. Það er mjög alvarlegt mál. Landið er efst á lista yfir netnotkun, breiðband o.s.frv., en þegar kemur að öryggi er Ísland neðarlega á listanum. Þetta er vandmál varðandi þjóðaröryggi og nokkuð sem íslensk yfirvöld verða að taka til athugunar.

Leiðin fram á við fyrir þá sem verjast fjölpáttáógnum, hvort sem það er ríkisstjórn, opinberir aðilar eða einkaaðilar, er að æfa og kortleggja hugsanlegar sviðsmyndir. Hverjir eru mögulegir árársaðilar? Hvaða herferðir eru hugsanlegar? Hverjir eru veikleikar okkar og möguleg skotmörk? Hvaða markmið er þýðingarmikið fyrir þá? Hvernig gætum við brugðist við? Jafnvel þó að það þurfi að tvinna þetta inn í þjóðaröryggisfyrirkomulag okkar eru takmörk fyrir



Því hvað ríkisstjórnin getur gert og vandamálið kallar á víðtæka samvinnu á milli mismunandi aðila og stofnana.

Það eru nokkrar ástæður fyrir takmörkunum á aðgerðum ríkisstjórna til að sporna gegn fjölþáttaógnum:

- a) Flest netatvik og fjölþáttherferðir (um 70%) orsakast af eigin aðgerðum einstaklings, óvarlegri hegðun hans á netinu. Þetta kallar á aukna menntun um netumgengni. Oft gengur neytandinn í okkur gegn borgaranum í okkur og þetta er nokkuð sem allir þurfa að hafa hugfast, en það eru takmörk fyrir því hverju ríki geta brugðist við.
- b) Flestir samfélagsmiðlar og samskiptanet eru í einkaeigu og rekin af einkaaðilum. Ríki stjórna ekki internetinu og ríki stjórna ekki samfélagsmiðlum. Það er mjög mikilvæg að hafa þetta atriði í huga og þess vegna er ákveðið samstarf með einkageiranum nauðsynlegt til að skapa umhverfi þar sem þetta er möglegt.
- c) Vestræn ríki vilja ekki hefta frelsi borgara sinna með eigu á samfélagsmiðlum eða með því að takmarka tjáningarfrelsi.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessar takmarkanir eru til staðar og að þetta er langtíamál sem krefst samvinnu á milli einstaklinga, samfélagsins og ríkisstjórna

# 2.

Önnur pallborðslota:

## **Fjölþáttavarnir, verndun lýðræðislegra gilda**

Stjórnandi:

*Sveinn H. Guðmarsson, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytis*

**Jurgen Klemm,**  
sérfræðingur í stefnumiðuðum samskiptum,  
skrifstofa eistnesku ríkisstjórnarinnar



Fyrst langar mig að gefa ykkur stutt yfirlit yfir teymi skrifstofu eistnesku ríkisstjórnarinnar í stefnumiðuðum samskiptum. Það sem við gerum. Þar á eftir ætla ég að gefa ykkur dæmi um rússneska upplýsingaherferð sem við stóðum frammi fyrir nýlega og stöndum enn frammi fyrir að ákveðnu marki og í lokin mun ég draga ályktanir og ræða hvað við höfum mögulega lært.

Ég verð að byrja á að fara aftur í skilgreiningarnar. Í kynningu minni nota ég alfræðiorðabókaskilgreiningar sem þýðir að þið getið gúglað og innan fimm mínútna ættuð þið að fá sömu niðurstöðu eða sömu útskýringu. Alfræðiorðabókaskilgreiningin eða Google-skilgreiningin á fjölþáttaógnum er sú að það eru fjögur skref sem gerandinn þarf að taka eða fara í gengum.

Í fyrsta lagi, þegar við tölum um fjölþáttaógnir tölum við um að gerendurnir reyni að grafa undan trausti á samfélagið eða lýðræðislegar stofnanir. Til dæmis í kosningum eða dómskerfinu eða prentfrelsi. Í öðru lagi getum við talað um fjölþáttaógnir þegar einhver dregur samfélagsleg gildi okkar í efa. Þurfum við prentfrelsi? Erum við ekki að mismuna eða erum við nokkuð að virða lögin? Það eru gildi okkar sem eru dregin í efa. Í þriðja lagi reyna þeir að hafa pólitísk eða landfræðipólitísk áhrif. Þetta getur verið frá því vera mjög afmarkað markmið, eins og að reyna að hafa áhrif á framkvæmd efnahagslegra refsiaðgerða, eða það getur verið mun minna afmarkað, eins og að hafa áhrif á kosningar eða reyna að líta út fyrir að gera það. Í fjórða lagi reyna þeir að hafa áhrif á ákvarðanatöku, hvort sem það á við um einstaklinga, samfélagið eða stjórn málin. Það sem fjölþáttagerendur vilja ná fram: grafa undan trausti á lýðræðislegar stofnanir, draga samfélagsleg gildi í efa, hafa pólitísk áhrif og hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Það er hér sem teymi skrifstofu ríkisstjórnarinnar í stefnumiðuðum samskiptum kemur til skjalanna. Í fyrsta lagi eflum við næmi á aðstæður. Fjölþáttaherferðir fela alltaf, að ákveðnu marki, í sér opinbera sviðið með dreifingu opinberra upplýsinga í gegnum fjölmiðla. Þess vegna þurfum við að vera meðvituð um það sem er að gerast í fjölmiðlum. Við höfum getu til að vakta fjölmiðla allan sólarhringinn, þ.e.a.s. fjölmiðla á bæði eistnesku og rússnesku í Eistlandi, sem og allt upplýsingakerfi Rússlands. Þetta þýðir líka að vakta fjölmiðlasvæði á vesturlöndum sem við höfum áhuga á. Við þurfum að fylgjast vel með umræðum um okkur til að geta séð ef umræðunni er hagrætt. Fyrst við höfum verið að tala um gildi þurfum við að kanna álit almennings—gera skoðanakönnun, og þetta er nokkuð sem allar ríkisstjórnir gera. Við ætlum okkur að efla slíkar kannanir til að fá stærri mynd af skoðanakönnunum í allri ríkisstjórninni. Þetta er nauðsynlegt, í fyrsta lagi til að finna veikleika í gildunum og í öðru lagi til að geta gert samanburð á milli ára á því hvort það hafi orðið nokkrar breytingar á gildunum.

**„Það sem fjölþáttagerendur vilja ná fram: grafa undan trausti á lýðræðislegar stofnanir, draga samfélagsleg gildi í efa, hafa pólitísk áhrif og hafa áhrif á ákvarðanatöku.“**

Í öðru lagi reynum við að byggja upp viðnám. Það að finna falskar fréttir og auka fjölmiðlalæsi eru dæmi um ákveðin verkefni handa okkur. Við verðum að finna leiðir til að vinna að auknu fjölmiðlalæsi.

Í þriðja lagi, útgáfur af mannkynssögunni. Þegar einhver heldur því fram að Pólland hafi í raun borið ábyrgð á seinni heimsstyrjöldinni verðum við að staldra við og hugsa um það. Hvernig hjálpum við þeirri útgáfu af sögunni sem gerandinn vill koma á framfæri? Hvernig gerum við hið gagnstæða?

Í fjórða lagi, við allar kringumstæður verða skilaboð okkar, frá ríkinu, að komast til skila. Það er að vera viðbúinn hættuástandi. Þannig virka samskipti ríkisstjórnar í hættuástandi.

Nú aftur að upplýsingaherferð Rússa. Fyrir þetta þarf ég að fara með ykkur aftur til ársins 2014 þegar Rússland innlimaði austurhluta Úkraínu, Krímskaga, og við sátum uppi með hernám. Viðbrögð Evrópusambandsins voru að setja á blað efnahagslegar refsiaðgerðir. Leyfið mér að segja ykkur frá Dmitry Kiselyov sem var skipaður af Putin sem yfirmaður Rússneska fjölmiðlakerfisins, fjölþáttastríðskerfis. Kiselyov er yfirmaður Russia Today eða Russia Segodnya og Sputnik. Þetta tvennt er hluti af sama kerfi—sum ykkar þekkjja það kannski. Ég leitaði á netinu og fann út að Ísland hefur ekki staðbundna Sputnik vefrás eins og mörg lönd í Evrópu hafa. Mörg lönd utan Evrópu hafa einnig þessa rás, sem reynir að líta út eins og venjuleg fréttarás en er mjög nákvæmlega tengd rússneskum ríkisstýrðum fjölmiðlum. Til að gera langa sögu stutta var Dmitry Kiselyov beittur refsiaðgerðum, sem þýðir öll hans fyrirtæki, þ.m.t. Russia Segodnya, stóra móðurfélagið, sem þýðir að allt sem fellur undir það sætir refsiaðgerðum. Fjárhagslegar færslur á að frysta innan Evrópusambandsins. Þetta er það sem refsiaðgerðir hafa í för með sér.

**„Fjóra þætti í fjölþátta-skilgreiningunni þurfum við að skoða. Þær reyna að grafa undan trausti okkar á lýðræðislegar stofnanir, þær reyna að draga félagsleg gildi okkar í efa, þær reyna að hafa pólitísk áhrif og þær reyna að hafa áhrif á ákvarðanatöku.“**

Eins og ég sagði áðan er Sputnik rás í Eistlandi. Sputnik málið sem ég er að tala um hófst árið 2014 þegar refsiaðgerðirnar voru settar á blað. Árið 2015 fann viðskiptabanki í Eistlandi út að til væri bankareikningur tengdur Russia Segodnya. Reikningurinn var undir stjórn Dmitrys Kiselyovs svo að reikningurinn var frystur árið 2015. Það voru engin viðbrögð við því. Ef við tókum nú stórt skref fram í október 2019 þá uppgötvaði annar eistneskur viðskiptabanki að útibú rússneskra fjölmiðla á staðunum, Sputnik, fengi fjármagn af bankareikningi sem væri fjármagnaður af öðrum bankareikningi þar til keðjan var að lokum rakin til Russia Segodnya og þar með til Dmitrys Kiselyovs, mannsins sem sætti

refsiaðgerðum. Þessar færslur voru stöðvaðar, engin viðbrögð. Í nóvember 2019 gat Sputnik ekki greitt leigu fyrir skrifstofuhúsnæði af því að færslur þeirra höfðu verið frystar. Enn engin viðbrögð.

Í desember 2019 tilkynnti eistneska ríkisstjórnin Sputnik teyminu í Eistlandi, í gegnum fjármálaeftirlitið, um allt þetta, því þú ættir að vita að ef þú vinnur fyrir Sputnik þá vinnurðu fyrir Russia Segodnya, sem er vandamál af því að Russia Segodnya er stjórnað af Dmitry Kiselyov sem sætir refsiaðgerðum ESB. Þarna sáu þeir tækifæri. Í desember hélt Putin sinn árlega blaðamannafund og sagan af því hvernig eistneska

ríkið ofsótti blaðamenn í Eistlandi var umræðuefni á fundinum. Lögð var fram kvörtun til Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem sagði „sjáið hvað er að gerast í Eistlandi, ríkið er að ofsækja blaðamenn“. Diplómatiskar bréfaskriftir áttu sér stað á milli jóla og nýárs þegar vestræn menning er í hæggang, en ekki menning rússnesks rétttrúnaðar. Þetta var því fullkomið tækifæri til að hefja upplýsingaskoðun.

Niðurstöður þessarar herferðar, það sem við uppgötvuðum, var að fjölmiðlafulltrúi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hafði skrifað tíst þar sem hann vísar til bréfs sem hann skrifaði til eistneskra yfirvalda um ákveðin málefni. Þau reyndu að hafa áhrif á ímynd Eistlands. Ímynd okkar er nokkuð sem er okkur mikilvægt svo okkur fannst við þurfa að leiðrétta þetta. Í öðru lagi sendu fjölmiðlar á rússnesku frá sér 1400 fréttir, frá miðjum desember til janúarloka, um Sputnik í Eistlandi; umfjöllunin var bara neikvæð, ekkert jákvætt um það, frá mjög háttsettum fulltrúum, jafnvel forsetanum sjálfum. Engu að síður var mjög lítil umfjöllun á samfélagsmiðlum, eftir því sem við gátum best séð. Það þýðir að umfjöllunarefnið var óvistvænt. Fólk talaði ekki um þetta. Aðeins fjölmiðlar í Rússlandi vildu tala um þetta. Vestrænir fjölmiðlar og alvöru fréttaveitur sendu hins vegar frá sér færri en tíu fréttir um málið. Þetta þýðir að þetta hlýtur að vera upplýsingaherferð.

Hver er niðurstaðan, ef við förum aftur til skilgreiningarinnar á fjölpáttáógnum? Eins og ég sagði eru fjórir hlutir í fjölpáttaskilgreiningunni sem við þurfum að skoða. Þær reyna að grafa undan trausti okkar á lýðræðislegar stofnanir, þær reyna að draga félagsleg gildi okkar í efa, þær reyna að hafa pólitísk áhrif og þær reyna að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Fyrst reyndu þeir að grafa undan trausti á lýðræðislegar stofnanir með því að breiða út sögu um fjölmiðlafrelsi. Þeir töluðu ekki um Úkraínu, þeir töluðu ekki um refsiaðgerðir. Sagan var um fjölmiðlafrelsi. Þetta er gildi sem skiptir okkur miklu máli. Við í Eistlandi erum stolt af því að vera mjög ofarlega á listanum yfir fjölmiðlafrelsi. Þeir færðu fókussinn, breiddu út sögu, réðust á traust okkar á lýðræðislegar stofnanir og drógu gildi okkar í efa. Í öðru lagi, pólitísk og landfræðipólitísk áhrif. Hugmyndin að baki herferðinni gæti hafa verið að draga í efa refsiaðgerðir sem slíkar. Aftur, að nota upplýsingaherferðina til að ná markmiðum sem þeim hugnast. Að lokum komum við að því að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Upplýsingaherferðin kom á versta tíma ársins, þegar allir voru í fríi. Tíst var skrifað 21. desember, sem þýðir að allir í Brussel voru í fríi, flestir í Eistlandi voru í fríi og þá fór boltinn af stað. Þeir reyndu að hafa áhrif á ákvarðanatöku okkar með því að kaffæra okkur, verandi 2, 3 eða 4 skrefum á eftir, láta okkur hreinsa upp.

Að öllu samanlögðu veittum við viðnám við þessar aðstæður vegna þess að við vorum næm á aðstæðurnar, gátum greint þessa upplýsingaherferð, sáum það magn upplýsinga sem rússnesku ríkisfjölmiðlarnir og ríkisstýrðir fjölmiðlar á vesturlöndum settu fram og einnig hvað var að gerast á samfélagsmiðlum. Við greindum það en brugðumst ekki við því, niðurstaðan er sú að refsiaðgerðir ESB eru enn virkar og enn í notkun í Eistlandi og öllu Evrópusambandinu.

# Umræður

Stjórnandi: **Sveinn H. Guðmarsson**, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins

Þátttakendur: **Jurgen Klemm**, sérfræðingur í stefnumiðuðum samskiptum, Skrifstofa eistnesku ríkisstjórnarinnar, **Elfa Ýr Gylfadóttir**, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, **Ingólfur Bjarni Sigfússon**, fréttamaður hjá RUV, **Þór Mattíasson**, sérfræðingur í greiningu og leitavélamarkaðssetningu, meðeigandi í Svartagaldri

**Þrjú meginþemu komu fram í umræðum í annarri lotu. Þau er: 1) Fjölþáttakerfi og vopnavæðing samfélagsmiðla 2) Traust 3) COVID-19 og upplýsingafölsun.**

**Þessum umræðuútdrætti er ætlað að veita yfirlit yfir rökræðurnar í pallborðinu en ekki að sýna einstakar skoðanir eða álit þátttakenda.**

## Fjölþáttakerfi og vopnavæðing samfélagsmiðla

Þátttakendur í þessari lotu bentu á að íslenskur þankagangur gerir þjóðina berskjaldaðri; í fyrsta lagi sú hugsun að Ísland sé eyja og því öruggur staður og í öðru lagi að margir trúa því að þeir hafi ekkert að fela. Sannleikurinn er sá að Íslendingar eru mjög vel tengdir, nota samfélagsmiðla mikið og verða sífellt fyrir einstaklingsmiðaðri markaðssetningu. Margir gera sér ekki grein fyrir (eða er alveg sama) að hver sekúnda sem varið er á samfélagsmiðli er sekúnda greidd þeim samfélagsmiðli.

Hægt er að vopnavæða samfélagsmiðla og leitarvél- ar og það hefur þegar gerst. Kosningar eru sennilega besta dæmið þar sem mikið af fjölþáttakerfinu er dulið og skapar þar með glundroða og þá ímynd að eitthvað sé að.

Eitt af því sem gerir fjölþáttahernað svo erfiðan viðureignar er að hann er ekki alltaf svo sjáanlegur þeim sem vita ekki að hverju þeir eiga að leita. Oft gæti maður jafnvel dregið í efa að um áráðs hafi í raun verið að ræða eða hvort hún gæti fallið á grátt svæði, það getur verið mjög erfið að finna og skil-

greina árásina. Fjölþáttaógnin getur einnig komið frá bæði erlendum og innlendum aðilum. Það er það sem gerir þessa aðferð bæði svo hættulega og áhrifaríka.

Það tekur langan tíma að byggja upp reynslu og vita hvernig á að bera kennsl á munstrin og öðlast sjálfsöryggi til að benda á upplýsingaherferð og vita hvenær nauðsynlegt er að bregðast við upplýsingaherferð. Þetta lærist aðeins með reynslu af greiningu. Það er einnig mjög mikilvægt að uppfræða almenn- ing, kenna börnum að koma auga á falsaðar upplýs- ingar, kenna öllum og þjálfá í fjölmiðlalæsi. Það er mikilvægt að allir skilji að eftir því sem manneskja gerir meira á samfélagsmiðli, því betri skilning öðl- ast hann á því hver manneskjan er, hver áhugamál hennar eru og hvernig hún virkar í samfélaginu. Fólk er að bjóða svör við spurningum án þess að svara þeim beint.

## Traust

Þátttakendur lögðu einnig áherslu á þörfina fyrir frekari rannsóknir á Íslandi á því hvernig upplýsingafölsun breiðist út og leiðir til rýrnunar á trausti. Á Íslandi, líkt og á hinum Norðurlöndunum, hefur traust verið mikið svo það er miklu að tapa. Ísland er einnig þétt samfélag þar sem traust er mikilvægur hluti af því að láta daglegt líf ganga. Ef það tekst að grafa undan þessu tekur langan tíma að laga það.

Það virðist algengara að eldri kynslóðin sé óvanari því að þurfa að greina hvort upplýsingarnar sem hún notar séu trúverðugar eða ekki en yngri kynslóðin. Börn og unglingar eru vön því að greina falskar upplýsingar á netinu, þ.e. þau þekkja falska vefslóð, á meðan yngri kynslóðin les eitthvað á netinu og ályktar oft að það hljóti að vera satt.

Nokkrar tillögur komu fram um hvað væri hægt að gera. Hægt væri að kenna heimspeki frá unga aldri í skólum sem og fjölmiðlalæsi og gagnrýna hugsun. Tæknin breytist og þróast mjög hratt og því þarf almenningur að vera tilbúinn að horfa gagnrýnum augum á nýja tækni áður en hann tekur hana upp.

Afskipti af kosningum eru mjög áhugaverð í samhengi fjölþáttaóagna og vekja erfiðar spurningar eins og hvað myndi gerast ef falsað myndband af stjórnmálamanni færi út 48 tímum fyrir kosningar? Í mörgum ríkjum Evrópu myndi þetta vera á svonefndu myrkurtímabili fyrir kosningar þegar fjölmiðlum er ekki leyft að segja neitt. Fjölmiðlaumhverfið hefur breyst gífurlega í samræmi við hve hratt upplýsingar berast með samfélagsmiðlum. Nokkrir ríkjandi fjölmiðlar hafa sett upp vettvang eða undirvettvang til að leiðrétta villur og falsfréttir eða hvað annað sem kann að vera í fréttum hjá öðrum fjölmiðlum. Fjölmiðlar hafa alltaf þurft að fást við fólk sem breiðir út sögur byggðar á þeirra hagsmunum, þeir eru vanir því að sannreyna staðreyndir til að fá þær á hreint. Í nýja fjölmiðlaumhverfinu geta þessir hagsmunir farið dult. Allir geta sigtað út einstaklinga meðal áheyrenda sinna og breitt sögu sína út meðal þeirra.

Önnur áskorun fyrir fjölmiðlaumhverfið er að enn gilda gamaldags lög um hefðbundna fjölmiðla en engin um samfélagsmiðla—þar sem margt er að gerast. Ef lög eru úrelt geta þau jafnvel verið skaðleg og komið í veg fyrir að ríkjandi fjölmiðlar dreifi réttum upplýsingum á þessum mikilvæga tímabili fyrir kosningar.

Mikilvægar spurningar sem hægt er að spyrja á þessum tímamarki eru til dæmis hvaða ríkisstofnun ætti að taka þátt í baráttunni við fjölþáttaógnir og -árásir? Hvernig ættu þær að gera það? Hvernig rannsóknir þurfum við? Hvernig samstarf þurfum við? Hver ætti að fá það verkefni að samræma þetta allt? Vegna þess hve flókar fjölþáttaógnir eru er mjög erfitt að segja að nota skuli alltaf sama líkanið, það þarf að ákveða það í hverju tilviki fyrir sig í kjölfar greiningar á vandamálinu.

### COVID-19 og upplýsingafölsun

Þátttakendurnir tengdu umfjöllunarefnið einnig við COVID-19 sem gæti reynst æfing við raunverulegar aðstæður í að greina fjölþáttaherferðir. Það er mikið um falskar upplýsingar og jafnvel samsæriskenningar á netinu og villandi upplýsingar um kórónaveiruna sem kunna jafnvel að dreifa sér hraðar en veiran sjálf. Þeir sem eru mjög hræddir gætu a.m.k. verið viljugir til að gæla við möguleikann á að það sé sannleikskorn í þeim og velt fyrir sér hvort yfirvöld séu í raun að segja alla söguna.

Þó að falsfréttir og upplýsingafölsun séu kannski ekki mjög augljós í umræðu á Íslandi er landið engin undantekning frá þessu. Sífelld er verið að breiða út falskar sögur.

# 3.

Þriðja pallborðslota:

**Mikilvægi þess að styrkja  
viðnám og varnir**

Stjórnandi:

*Svana Helen Björnsdóttir, formaður Verkfræðingafélagsins*





**Flemming Spildsboel Hansen,**  
**greinandi, Alþjóðaöryggi, Danska stofnunin í alþjóðafræði**

**T**akk fyrir að bjóða mér að vera með ykkur hér í dag og deila mínum sjónarmiðum, að hluta til frá Danmörku séð en einnig almennt, um mikilvægi þess að styrkja viðnám og varnir.

Eins og við höfum þegar heyrt hér í dag erum við að ræða um flóknar ógnir. Við lifum á flóknum tímum svo að svarið, því miður held ég, verður einnig mjög flókið. Ég mun tala um viðnám og varnir á tímum vopnavæðingar. Þið hafið þegar heyrt um sum þessara málefna og hugtaka. Ég mun einnig einblína á viðnám og vopnavæðingu. Enginn hefur skilgreint hugtökin almennilega ennþá en það er erfitt að eiga við þau og einnig framkvæma. Mikið af minni vinnu snýst um upplýsingaaðgerðir og upplýsingafölsun er hluti af því. Mig grunar að við munum halda áfram að sjá meira af háþrúðum upplýsingaaðgerðum í framtíðinni, sem gerir okkur jafnvel enn erfiðara fyrir að greina og meðhöndla þær.

Í því sem ég er að vinna við núna einblíni ég á þrjú svið, efnislegt svið, stafrænt svið og vitrænt svið. Þið hafið kannski oftast heyrt minnst á stafræna sviðið sem netsvið. Ég vil nota hugtakið stafrænt svið því það minnir okkur á að þarna höfum við mikilvæga stafræna innviði okkar. Þetta hefur þegar verið rætt nokkuð hér í dag, til dæmis hvernig við erum hökkuð og hvernig hægt er að stofna í hættu sumum af þeim greiðsluferfum sem við notum. Svo höfum við vitræna sviðið þar sem hugsun kemur inn í. Vitræna sviðið er skotmark upplýsingafölsunarherferða, til þess að reyna til dæmis að hafa áhrif á hvernig fólk kys. Mikið af því sem ég vinn við þessa dagana og sem mig grunar að sumum ykkar þyki sérstaklega áhugavert er sambandið á milli stafræna og vitræna sviðsins. Mér finnst best að lýsa þessu eins og nokkurs konar stóra hveli innan þessara sviða. Við höfum stóra hvell innan stafræna sviðsins, eða netsviðsins. Nýja tækni eins og við höfum þegar rætt; Nora talaði til dæmis um gervigreind og hvernig hún gerir aðilum kleift að safna meiri upplýsingum, vinna úr þeim og nota þær, og þróa þar með leiðir til að hafa áhrif á kjósendur. Það er líka nokkurs konar stóri hvellur innan vitræna sviðsins. Hann er ekki eins tilþrífamikill en er þarna fyrst við vitum miklu meira í dag um hvernig hægt er að hafa áhrif á fólk til að haga sér á ákveðinn hátt en við gerðum fyrir einungis tveimur áratugum. Innan sálfræðinnar hafa átt sér stað rannsóknir og miklar framfarir varðandi hvernig skuli hafa áhrif á hegðun og sérstaklega óæskilega hegðun, til að fá fólk til að taka heimskulegar ákvarðanir.

Nú mun ég reyna að skilgreina vopnavæðingu, sem er frábært hugtak. Ég er mjög hrifinn af því vegna þess að það minnir okkur á þá staðreynd að hægt er að nota ákveðna hluti til að ná ákveðnum markmiðum. Gerendur hugsa markvisst um

**„Fjölþáttaógnir ná yfir næstum allt og því miður á það sama við um viðbrögðin. Næstum allar gerðir ógna sem við getum hugsað okkur, a.m.k. í samhengi við eitthvað annað, er hægt að telja til fjölþáttaógna.“**

hvernig þeir geti notað þennan ákveðna hlut til að ná markmiðum sínum. Á sama tíma er hugtakið líka snúið því að í dag er hægt að vopnavæða allt, svo innihald þess rýrnar. Hér er dæmi:

Vopnavæðing sem notkun hlutar innan sviðanna, í þeim tilgangi að skapa pólitísk, stefnumótandi, rekstrarleg eða taktísk áhrif til stuðnings stefnumótandi markmiðum.

Antonio talaði um hreyfipróskuldinn og hvernig oft er litið á vopnavæðingu sem notkun óhreyfanlegra hluta óháð skilningi. Þetta eru hlutir sem þið finnið innan stafræna sviðsins og vitræna sviðsins, til dæmis hvernig hægt er að nota samfélagsmiðla til að þjóna ákveðnum tilgangi. Í lotunni á undan lærðum við hvernig á að vopnavæða samfélagsmiðla og mikilvæga stafræna innviði til að valda skemmdum.

En vopnavæðing getur einnig átt sér stað innan efnisheimsins þar sem venjulegir hlutir eins og bílar hafa verið vopnavæddir. Bílar eru gott dæmi um hlut sem flest okkar eiga og hægt er að breyta í vopn. Bæði vopnavæðing og viðnám eru hugtök sem við þurfum að hugsa um í samhengi við öll þrjú sviðin. Alveg eins og hægt er að vopnavæða hluti innan allra þriggja sviða verðum við að styrkja viðnám og varnir innan allra þriggja sviða.

Ég vil vekja athygli ykkar á samspili stafræna sviðsins og vitræna sviðsins. Flestar umræður okkar hér í dag hafa byrjað frekar almennt, um nánast allt, en síðan þrengst niður í upplýsingafölsun af því að það er nokkuð sem við ráðum við. Það er áskorun fyrir okkur að fjalla um öll þrjú sviðin á sama tíma, bæði hvað varðar ógnir sem af þeim stafa og viðnám. Jafnvel þó það geti verið gott og hjálplegt að einblína á upplýsingafölsun þurfum við að hafa í huga að fjölpáttaógnir eru víðari og djarfari, sem gerir áskorunina erfiðari.

Allur fundurinn hér í dag er um fjölpáttaógnir og fjölpáttaógnir eru líka bæði frábært hugtak og snúið. Eins og forsætisráðherra nefndi í upphafsraðu sinni í dag er hætta á að hugtakið verði loðið, að við glötum skilningi á því hvað það er. Sum af dæmunum sem við höfum heyrt í dag eru þegar á mörkum þess sem hægt er að telja fjölpáttaógnir. Ef þið lítið til baka í kvöld og farið yfir sumt af því sem hefur verið sagt hér í dag býst ég við að þið munið skilja að verkfærakista fjölpáttaógnar er í raun mjög stór og að sum af dæmunum sem við heyrdum í dag er á mörkunum. Engu að síður ættum við að hafa betri skilning á því hvernig gerendur kunna að hugsa.

Fjölpáttaógnir ná yfir næstum allt og því miður á það sama við um viðbrögðin. Næstum allar gerðir ógna sem við getum hugsað okkur, a.m.k. í samhengi við eitt-hvað annað, er hægt að telja til fjölpáttaógna. Hér er dæmi um skilgreiningu á viðnámi (e. resilience) frá Framkvæmdastjórn ESB (2017):

- **Hæfni ríkja, þjóðfélaga, samfélaga og einstaklinga til að laga sig að pólitískum, fjárhagslegum, umhverfislegum, lýðfræðilegum eða félagslegum þrýstingi (...)**
- **Geta ríkis—andspænis verulegum þrýstingi—til að byggja, viðhalda eða endurreisa grunnstarfsemi sína og grundvallarþjóðfélagslega og -pólitíska sátt (...)**

Minnst er á aðlögunarhæfni, samfélög undir þrýstingi, ríki undir þrýstingi og getuna til að byggja og viðhalda og endurreisa grunnstarfsemi og grundvallarpólitíska sátt. Fyrri ræðumenn töluðu um sátt í þjóðfélaginu, mjög mikilvægt atriði, sem leiðir okkur aftur að vitræna sviðinu. Það hvernig við getum meðhöndlað þessar ógnir, og hvernig við getum aukið skilning fólks á hugtökunum lýðræði og málfrelsi

og gildi þeirra og hvað það þýðir að vera íslenskur, til dæmis. Ógnir geta átt sér stað innan allra sviðanna þriggja svo það er líka nauðsynlegt að byggja og styrkja viðnám og varnir innan allra sviðanna þriggja. Mikil áhersla hefur verið lögð á vitræna sviðið og pólitíska hugsun, sáttina sem þið finnið innan þjóðfélaga.

Ef við samþykkjum að þetta sé mjög flókin ógn sem nær frá efnislega sviðinu yfir til þess stafræna og að lokum þess vitsmunalega þá verðum við að einblína á viðnám innan allra sviðanna þriggja og horfast í augu við erfiðar spurningar svo sem:

- **Hvernig getum við forgangsraðað með takmörkuðum útgjöldum?**
- **Að hvaða marki ætti að leggja á hömlur?**
- **Hve víðtækt ætti eftirlit að vera?**
- **Hvernig ætti að skipta eða deila ábyrgð hins opinbera og einkaaðila?**
- **Hvernig eigum við að fara með útboð, samruna og yfirtökur?**

Hvernig forgangsröðum við? Að því gefnu að við höfum þrjú svið og stöndum frammi fyrir ógnum á þeim öllum, hvernig getum við haldið útgjöldum innan marka? Hverju forgangsröðum við, í hvað setjum við peningana okkar? Við þekkjum viðnám og varnir gegn hryðjuverkum. Á leið okkar að háskólanum mættu flest okkar, eða kannski öll, aðgerðum gegn hryðjuverkum, viðnámi og vörnum, jafnvel þó að höfum ekki séð þær, ekki þekkt þær. En þær eru til staðar. Sérstaklega gangvart þeim okkar sem komu erlendis frá. Þær eru dýrar og ganga á ýmsar auðlindir.

Að hvaða marki ætti að leggja á hömlur? Þetta á bæði við um ferðafrelsi og málfrelsi. Sumar áskorananna hafa þegar verið ræddar í dag. Til dæmis fann Danmörk þörf fyrir að endurskoða njósnalöggjöf sína í ljósi mögulegrar samvinnu á milli fólks í Danmörku og notenda miðla sem stýrt er af erlendum ríkjum. Þetta var mjög umdeilt en einnig talið nauðsynlegt svo við gætum uppfært njósnalöggjöfina í ljósi þróunar samfélagsmiðla. Meirihluti þingmanna taldi þetta mjög snúið en engu að síður algerlega nauðsynlegt.

Hvað með eftirlit? Við njótum öll eftirlitsins en við erum líka mjög gagnrýnin á það og sumt eftirlit verður auðvitað á netinu. Hvar drögum við mörkin á milli þess sem er ásættanlegt að öryggisþjónusta vakti, geymi og greini og málfrelsis? Þetta er umræða sem á sér nú stað í mínu eigin ríki, Danmörku.

Önnur mikilvæg spurning tengist skiptingunni á milli ábyrgðar hins opinbera og einkageirans. Hver ber ábyrgð á þessu? Fyrir nokkru síðan hélt ég kynningu fyrir yfirmann Miðstöðvar Danmerkur um netöryggi, sem er hluti af dönsku leyniþjónustunni. Þegar ég var að tala um hvernig ætti að verja sig á stafræna sviðinu mátti ráða af viðbrögðum fulltrúa Dansks iðnaðar og stórra fyrirtækja á fundinum að ef eitthvað kæmi upp á gætu þeir hringt í hann. En hann sagði að þeir yrðu að fara í gegnum einkageirann. Hvernig getum við tryggt samvinnu á milli hins opinbera og einkageirans?

Nú að síðustu spurningunni, hvernig eigum við að fara með útboð, samruna og yfirtökur? Ég var í Færeyjum í síðustu viku og Færeyingar hafa enn miklar áhyggjur af Huawei og 5G, nýja netinu, af því að danska ríkisstjórnin sagði að þeir gætu ekki farið til Huawei. Við hverja eiga þeir að eiga viðskipti, af hverju mega þeir ekki fara til Huawei og hver ætlar að bæta þeim tapið? Þetta eru stórar og erfiðar spurningar.

Takk fyrir.



**Kristi Narinen,**  
**yfirmaður alþjóðatengsla hjá Evrópsku öndvegissetrinu**  
**gegn fjölþáttaógnum**

**K**æru áheyrendur, þakka ykkur öllum kærlega fyrir boðið. Þetta er fyrsta ferð mín til Íslands og ég vona að bráðum verði Ísland hluti af fjölþáttasetrinu því það myndi fullkomna NB8, sem er eitt af mínum uppáhaldshugtökum.

Ég vil byrja á að skoða þennan núll-einn heim sem er hugmyndafræðilega umhverfið sem við ólumst upp við á tímum kalda stríðsins. Staðreynd-skáldskapur, stríð-friður, persónulegt-opinbert, hernaðarlegt-borgaralegt, innra-ytra, vinir-óvinir. Allt voru þetta skírar skiptingar en byggingin er að breytast, jaðrarnir eru að verða óskýrari og jafnvel að hverfa alveg. Hlutverk okkar núna er að láta a.m.k. hluta af þessum núll-einn heimi endast áfram, staðreynd-skáldskapur o.s.fr., og þetta er það sem allt snýst um.

Fjölþáttaógnum hefur þegar verið lýst hér í dag, en ég vil samt draga saman hvernig öndvegissetrið skilgreinir þær. Það eru þrjár þættir sem fjölþáttaógnir samanstanda af:

- **Samræmdar og samstilltar aðgerðir sem beint er að kerfislægum veikleikum lýðræðisríkja og stofnana, eftir margskonar leiðum.**
- **Að hagnýta mörk greiningar og eignunar á stríði og friði, þess innra og ytra, hernaðarlega-borgaralega, persónulega-opinbera.**
- **Markmiðið er að hafa áhrif á ákvarðanatöku á ákveðnu svæði, ríki eða stofnun til að hampa stefnumiðuðum markmiðum gerandans og/eða uppfylla þau á meðan grafið er undan skotmarkinu og/eða það skaðað.**

Aðgerðirnar eru ekki alltaf sérstaklega samræmdar eða samstilltar og ekki alltaf stefnumiðaðar, gerendur geta líka nýtt sér tækifæri sem býðst, til dæmis vegna náttúruhamfara eða pólitískra ferla. Ef þú ert sjónræn manneskja eins og ég hefurðu sennilega tekið eftir að í lógóinu okkar tengjum við rauðu punktana, neikvæðu illviljuðu aðgerðina saman í eina heild. Þetta geta verið nokkrar mismunandi aðgerðir innan eins lands eða svipuð atriði í mismunandi löndum, eða hvort tveggja. Samtenging þeirra gerir þetta samstillta aðgerð, fjölþátta.

Það að gera tvíundarheiminn óskýran, að hagnýta mörkin, bæði greiningu og eignun, hefur verið nefnt nokkrum sinnum, einnig það að beina spjótum að ákvarðanatöku, svo ég er sem betur fer ekki að segja neitt sem ekki hefur þegar verið sagt. Við eigum á hættu að taka ranga ákvörðun ef við greinum ekki það sem er að gerast því það þjónar markmiði andstæðingsins, sem er alltaf háð aðstæðum. Af því að ein aðgerð í einu landi er ekki endilega eins og í öðru landi. Ef þið gerið greiningu á NB8 og N5 finnið þið mismun á aðstæðum sem byggja á gildum, t.d. stjórnmálasögu, hagkerfi, stjórnmálakerfi, o.s.frv.

Þema dagsins í dag er viðnám og varnir, svo hvað þýðir það að veita viðnám? Er það viðnám til að afbera, eða viðnám til að hindra. Til dæmis opnaði Sputnik skrifstofur

Í Svíþjóð og Finnlandi, en lokaði nokkuð fljótt því það var enginn markaður fyrir það. Eða kannski viðnám og varnir til að endurreisa, það var líka nefnt hér áðan. Við verðum að hugsa um merkingu viðnáms. Hjá öndvegissetrinu er viðnám og varnir okkar tengt veikleikum. Hér sjáið þið safn þátta sem ég vil kanna í samhengi við stærri mynd:

- Lýðræði
- Lýðræðislegar stofnanir
- Mannréttindi (samfélagslegar skyldur?)
- Markaðshagkerfi
- Málfrelsi
- Frjálsir fjölmiðlar
- Löggjöf
- Borgaralegt samfélag
- Traust á kerfum ríkisins og yfirvöldum

Þetta eru frumeiningar samfélagsins, frelsi okkar, skyldur, gildi og hagsmunir. Það er okkur til hagsbóta að njóta málfrelsis, eða tjáningarfrelsis. Hlutir sem við á Norðurlöndum höfum og gera okkur að þeim ríkjum heims sem hafa mestan viðnámsþrótt. Þetta eru styrkleikar viðnáms og varna.

Ef þið snúið röksemdafærslunni við gæti skortur á þessum þáttum orðið veikleiki og við getum verið alveg viss um að andstæðingar eru að kortleggja samfélög okkar í þessum töludrum orðum. Þeir eru þegar að finna veikleika okkar og veiku bletti og eru að laumast inn í samfélög okkar í gegnum þessar veikburða gáttir. Ef við sjáum þá ekki þurfum við að hlusta við þær marrandi dyr sem þeir koma inn um, við verðum að þefa og við verðum að þreifa. Við þurfum líka að muna að þeir eru mjög fljótir að læra hvernig á að smyrja hjarirnar, svo jafnvel þó að við heyrum í þeim núna er ekki víst að við heyrum í þeim seinna. Til að geta notað öll okkar skynfæri verðum við að þróa betri skilning á þemanu, meiri árvekni, sem nefnd var áðan, betri skilning á farvegum í okkar eigin samfélagi. Við verðum líka að hugsa hægar og beita gagnrýninni hugsun, fleiri staðreyndir og greiningar, færri tilfinningar og samsæriskenningar.

Alþjóðlegt samstarf er mjög mikilvægt hér, í fyrsta lagi getur alþjóðleg samvinna bætt samskipti og traust, hún getur hjálpað til við að koma auga á starfsemi og vettvanga svo við getum rætt um þá og deilt þeim. Lykillinn er að horfa langt og framkvæma nálægt. Nú höfum við lært að við þurfum nýja færni, afstöðu og sýn á að dást að vandamálinu, sem er nokkuð sem er oft gert. Hins vegar er uppbygging viðnáms og annars konar varnaraðgerða ekki skylda eins aðila, ekki einu sinni fárra. Fjölpáttaógnir kalla á sameiginlegt átak og viðbrögð. Þær krefjast stefnumótandi hugsunar og pólitísku vilja til að vera heiðarlegur á vitrænan hátt, jafnvel þegar það er pólitískt erfitt. Í umræðunni um öryggi í Evrópu eru aðgerðir ríkisstjórna nokkuð almennt viðurkenndar, en það er ekki nóg. Borgaralega samfélagið og einkageirinn þurfa að spila með, það þarf að grípa til aðgerða í öllu samfélaginu.

**„Fjölpáttaógnir kalla á sameiginlegt átak og viðbrögð. Þær krefjast stefnumótandi hugsunar og pólitísku vilja til að vera heiðarlegur á vitrænan hátt, jafnvel þegar það er pólitískt erfitt.“**

Einkafyrirtæki sjá til dæmis oft um mikilvæga innviði og veita þar með opinbera þjónustu. Viðnám og varnir mikilvægra innviða þýðir líka rekstrarsamhæfi, við rannsókuðum það. Við þurfum að horfa á mikilvæga innviði frá sjónarhóli notandans, okkur hættir til að einblína á sjónarmið þjónustuaðilans. Til dæmis, ef rafmagnið fer, hafa spítalar rafala svo þeir geti framleitt rafmagn, en ef vatnsveitan bilar líka er ekki margt sem hægt er að gera á spítala sem hefur rafmagn en ekkert vatn.

Ef borgurinum finnst þeir öruggir er traustið öruggt í sessi, sem er það sem samfélagið þarf. Það er líka það sem andstæðingarnir reyna að minnka. Þess vegna er þörf á öllum borgurum til að auka viðnám og varnir, allir bera ábyrgð og ættu að nota sterk lykilorð, bera upplýsingar og staðreyndir saman við nokkrar heimildir og hugsa hægt. Mannshugurinn er reyndar líklega sjötta sviðið, sem var lýst áðan í vitrænni hugsun. Annar mikilvægur þáttur eru stefnumiðuð samskipti yfirvaldanna sjálfra, þau verða að vera vel skipulögð því við þurfum að segja okkar sögu áður en einhver annar gerir það, alveg eins og dæmið í Eistlandi sýndi okkur.

Mig langar að nefna annað. Þar sem fjölpáttaaðgerðir eru yfirleitt frábrigði í samfélaginu tekst oft að finna þær í grasrótinni. Ef boðleiðir upp á við virka vel leiðir uppgötunin til aðgerða mun hraðar en í kerfum sem krefjast meiri formfestu. Réttarkerfið er líka einn þáttur í viðnámi og vörnum, bæði lögin sjálf og getan til að framfylgja þeim. Þetta á ekki aðeins við um núverandi regluverk heldur einnig um breytilegar aðstæður sem krefjast vilja til að samþykkja ný lög, þar sem reglur um sjónarmið gætu verið ófyrirséðar eða jafnvel undarlegar. Styrkur réttarkerfisins þarf að vera í takt við þróun umhverfisins.

Nú nokkur orð um öndvegissetrið. Setrið hófst fyrir aðeins þremur árum og hefur þegar áunnið sér nokkuð sjáanlega stöðu bæði hvað varðar nafn og verkefni í samhengi Atlantshafsöryggismála í Evrópu. Tuttugu og sjö ríki eru þátttakendur, þau eru öll meðlimir í ESB og/eða NATO, og ESB og NATO bjóða vettvanga til að ræða, greina, grípa til aðgerða og sporna gegn ógnunum. Setrið er í raun framkvæmdaveita, frekar en hugveita. Það teflir fram sérfræðingum, sérstaklega frá öðrum stofnunum, til að taka þátt í samræðum, kennslu og lærdómi. Með öðrum orðum, ef þú skipuleggur fund þar sem einungis fólki frá hernum er boðið er tala um sjónarmið hersins er líklegast að útkoman litist af því, það sama á við um lögfræðinga, stjórnámamenn, viðskipti, fjármál, o.s.frv. og einnig fjölmiðla. Þegar við leiðum saman sérfræðinga frá mismunandi geirum er það form líklegt til að skila einhverju nýju, frumlegu og gagnlegu. Öndvegissetrið vill vera leiðandi í að stýra umræðum, sem góðar líkur er á að það geti gert fyrst það hefur ekki sín eigin stefnumál, það eru engar pólitískar hömlur og engin skuldbinding um sameiginlegt álit.

Í stuttu máli sagt þurfum við að vera meðvituð um hætturnar, við höfum tól til að greina, við höfum okkar eigin gildandi nálgun á veikleika og að byggja upp viðnám og varnir, en bara ef við notum hæga hugsun og greiningu sem er heiðarleg á vitrænan hátt. Við þurfum einnig að gera okkur grein fyrir að þetta er tími til athafna. Við þurfum hvort annað og alþjóðasamfélagið ásamt félögunum átta. Bandamenn okkar eru að hugsa um sömu áskoranir en ekki draga allir sömu ályktanir, en flestir þeirra gera það samt. Andstæðingar okkar vilja hins vegar að við höldum að við þurfum á þeim að halda til að leysa vandamál okkar. Reyndar erum við vel fær um að sjá um áskoranirnar sjálf, en ekki ein. Með vinum er það miklu skemmtilegra.



# Umræður

Stjórnandi: **Svana Helen Björnsdóttir**, formaður Verkfræðingafélagsins

Þátttakendur: **Flemming Spildsboel Hansen**, greinandi, Alþjóðaöryggi, Danska stofnunin í alþjóðafræði, **Kirsti Narinen**, yfirmaður alþjóðatengsla hjá Evrópska öndvegissetrinu gegn fjölpáttáógnum, **Bergur Ebby Benediktsson**, höfundur og samfélagsgreinandi, **Hrefna Sigurjónsdóttir**, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, **Hákon L. Akelund**, sérfræðingur í netöryggi, Landsbankinn

**Þrjú meginþemu komu fram í umræðum í kjölfar ræðanna í þriðju lotu. Þau er: 1) Viðnám og varnir 2) Gildi 3) Alþjóðasamstarf.**

**Þessum umræðuútdrætti er ætlað að veita yfirlit yfir rökræðurnar í pallborðinu en ekki að sýna einstakar skoðanir eða álit þátttakenda.**

## Viðnám og varnir

Þátttakendur bentu á að hægt er að skilgreina og túlka viðnám á marga vegu, þ.m.t.:

- Sem velferð einstaklings, andlega og líkamlega heilsu, árangur í lífinu, menntun o.s.frv.
- Sem getu til að jafna sig fljótt á erfiðleikum, getu til að ná aftur fyrra formi.
- Sem bæði seiglu og aðlögunarhæfni. Seigla er stundum talin meira í ætt við gamaldags stríð á meðan það að öðlast meiri aðlögunarhæfni er talið nauðsynlegt fyrir komandi kynslóðir.

Enn fremur ætti að styrkja viðnám og varnir í öllu skólakerfinu sem og almenna árvekni, þetta kemur öllum við, fjölmiðlum, stjórnmalaflokkum, félagsamtökum og stofnunum. Fyrst þetta kemur öllum við er þörf á heildarnálgun. Það er engin þörf á að örvænta en það þýðir ekki að þetta sé auðvelt verkefni, það er það ekki. Þetta er líka verkefni sem tekur engan endi, það hverfur ekki. Þetta er lærdóm-

skeppni þar sem andstæðingurinn er alltaf skrefi á undan. Alveg eins og með alþjóðleg hryðjuverk mun fólk læra hvernig á að meðhöndla fjölpáttáógnir.

Það sem helst kemur í veg fyrir viðnám og árvekni eru samfélagsmiðlar og upplýsingatæknimeningin almennt, sem byggjast á gildum sem draga úr viðnámsþrótti og vörnum. Notendur eru hvattir til að vera opnir, jafnvel berskjaldaðir, sem er líka tilhneiging hjá ákveðinni kynslóð um allan heim, ekki aðeins hvað tækni varðar. Einlægnin gerir erfiðara að sporna gegn ógnum, sérstaklega með hefðbundum aðferðum og það verður mikilvægara að koma skilaboðunum áleiðs, ekki bara í gegnum grunnmenntun með námsgreinum heldur einnig í gegnum allt félagslíf. Við verðum öll að skilja að keðjan er bara eins sterk og veikasti hlekkurinn.

## Gildi

Eitt umræðuefnið sem þátttakendur komu fram með í umræðunum er gildi, hvað er það í raun sem við erum að verja? Ættum við að leggja meiri áherslu á þau gildi sem við viljum vernda fyrir komandi kynslóðir, frekar en á ógnirnar?

Hugtakanotkun var líka rædd og skilgreiningin á upplýsingafölsun sem er „upplýsingar sem á skipulagðan hátt gefa eitthvað falskt í skyn. Falskar upplýsingar“. Hins vegar, með því að beita gangrýninni hugsun gæti maður komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingafölsun sé ekki raunverulegt hugtak, með því að draga þá ályktun að upplýsingafölsun

dreifi einhverju sem er falskt erum við að segja að upplýsingar hafi gildi. En upplýsingar hafa ekki gildi. Samkvæmt grundvallarupplýsingafræði eru upplýsingar hvorki góðar né slæmar, upplýsingar fjalla um hluti sem hafa gildi.

Hvað gildi varðar eru góð menntun og traustur þekkingargrunnur lykilatriði, en í nútímamenntun er enn þörf fyrir að rækta meira frumkvæði og gagnrýna hugsun, stafrænan þegnskap og fjölmiðlalæsi. Þetta á bæði við um menntun barna og fullorðinna. Það ætti að leggja áherslu á þetta í nýju menntastefnunni sem er í þróun á Íslandi og mun ná til ársins 2030, í kaflanum um stafrænan þegnskap og fjölmiðlalæsi. Það ætti sífellt að vera að innleiða og huga að þessum gildum og hagsmunum og aldrei að taka þeim sem gefnum hlut.

Það er sífellt verið að ota að okkur sögum og traust er mjög mikilvægt til að sporna á móti þessum sögum. Áróður er ekki nýr en leiðirnar til að dreifa honum eru gjörbreyttar og mun hraðvirkari en áður. Þetta þarf að taka með í reikninginn þegar verið er að skipuleggja menntakerfið. Það er bráðnauðsynlegt að ríkisstofnanir öðlist og endurheimti traust og sýni almenningi að þeim sé treystandi. Ef markmiðið er að búa til borgara en ekki bara neytendur er nauðsynlegt að skoða starfrænan þegnskap og fjölmiðlalæsi og ríkisstjórninni verður að vera treystandi.

Finnland, Svíþjóð, Eistland og Lettland hafa þróað og innleitt viðnámsaðgerðir fyrir kosningar, og þetta gæti verið dýrmátt fyrir aðrar kosninganefndir. Einn af þáttunum í kerfinu er að einblína á hvernig hægt sé að fá ungt fólk til að kjósa og hvernig skuli fá fólk til að kjósa á grundvelli hugmyndafræði, lífsreglna, staðreynda og talna frekar en tilfinninga og fljótfærnislegra og yfirborðskenndra viðbragða. Það er það sem lýðræði snýst um og það er líka áskorun fyrir stjórnmálamenn.

### Alþjóðasamvinna

Að lokum ræddu þátttakendur pallborðsins um lög á Íslandi og hve langt þau eru frá því að vera fullnægjandi þegar kemur að því að taka á þeim atvikum sem við sjáum í fjármálaheiminum í dag. Til að geta tekið á netatvikum er mikilvægt að bregðast hratt við, deila upplýsingum um mögulegar ógnir eða yfirstandandi árásir eða áreitni. Bæði samvinna yfir landamæri Norðurlanda og Evrópu hefur skilað árangri hvað þetta varðar. Engu að síður á Ísland langt í land með að ná hinum Norðurlöndunum og þörf er á virkri þátttöku löggjafans, hins opinbera og einkageirans og af hálfu alls samfélagsins.

Þátttakendur voru sammála um að alþjóðasamstarf réði úrslitum um að deila bestu starfsvenjum og læra nýjar aðferðir til að auka árvekni, undirbúa og mennta borgarana í fjölmiðlalæsi. Jafnvel þótt hægt sé að læra margt af alþjóðasamstarfi er enn tilfellið að með því að nota íslensk dæmi um gagnaleka frá stofnunum og einstaklingum til að mennta borgarana öðlast þeir mun betri skilning, bæði frá fólki og stofnunum, um hvað var að gerast. Það er auðveldara fyrir fólk að skilja upplýsingar sem það getur tengt við.



## Lokaorð



**Silja Dögg Gunnarsdóttir,**  
forseti Norðurlandaráðs

Kæru gestir,

Ég vil byrja á að þakka öllum þeim sem hafa átt í samstarfi við Þjóðaröryggisráð við að skipuleggja og taka þátt í þessu málþingi í dag og fyrir að halda svona áhugavert og tímabært málþing. Það hafa verið mörg áhugaverð innlegg hér í dag sem ekki er auðvelt að draga saman.

Nokkur sem ég tók sérstaklega eftir, í engri sérstakri röð, varða notkun persónuupplýsinga, gagnavernd, gagnafæði og hve auðvelt er að safna persónuupplýsingum á löglegan hátt. Einnig mikilvægi árvekni og gagnrýnnar hugsunar til að vernda Norræna gullið, sem er það traust sem við byggjum lýðræðisþjóðfélög okkar á. Eins og Elfa Ýr Gylfadóttir sagði fyrr í dag höfum við ekki efni á að tapa trausti, svo við verðum að bera höfuðið hátt og vernda það. Mér virðist ljóst að við þurfum hugvit og frumkvæði við að vernda lýðræðisleg gildi okkar til að takast á við þær fjölpáttáskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Þar af leiðandi er dásamlega upplífandi að sjá málþing eins og þetta sem kannar nýjar hugmyndir og veitir framsýna hugsun til að stuðla að þátttöku allra sviða samfélagsins í viðleitni okkar. Til að útskýra hvers vegna þetta ekki bara tengist minni vinnu og er mikilvægt fyrir hana þarf ég að segja ykkur stuttlega hvað Norðurlandaráð er og hvernig það virkar. Ég veit að mörg ykkar vita þetta nú þegar en sum vita það kannski ekki.

Norðurlandaráð er samstarfsvettvangur fyrir þing Norðurlandanna. Ráðið samanstendur af 87 þingmönnum frá Norðurlöndunum, þ.m.t. Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum, og endurspeglar þjóðþingin á þann hátt að hlutfall atkvæða landanna fyrir hvern flokk ræður hve marga fulltrúa hann hefur í Norðurlandaráði.

Ég held að það sé mikilvægt að útskýra í nokkrum orðum hvernig þetta virkar fyrst það er ólíkt þjóðþingunum. Líkt og á þjóðþingunum er hlutverk okkar að álykta um breytingar og benda á svið sem þarfnast breytinga. Þessar ályktanir og tillögur eru lagðar fyrir Norrænu ráðherranefndina, samvinnuvettvang Norrænu ríkisstjórnanna. Hún samanstendur af 11 ráðgjafarnefndum sem þjóðarráðherrar viðkomandi mál-flokks leiða og eins á þjóðþingunum er það á þeirra ábyrgð að framkvæma ályktanir og tillögur sem við fáum þeim ef þeir vilja. Ólíkt því sem er á þjóðþingunum er Norræna ráðherraráðið ekki skyldugt til að fylgja eftir þeim tillögum sem það fær. For-

sætisembætti Norðurlandaráðs gengur á milli aðildarríkjanna fimm og þetta árið er Ísland með það. Í stuttu máli þýðir það að formaður Íslensku fulltrúanefndarinnar, í þessu tilviki ég, er einnig forseti Norræna ráðherraráðsins. Enn fremur þýðir þetta að árlegur fundur verður haldinn á Íslandi seinna á þessu ári, í Hörpunni í október. Síðast en ekki síst þýðir það að við ráðum dagskránni, að mestu leyti.

Við höfum valið þrjú forgangsmál sem við viljum vinna að á þessu ári, þau eru:

- Að styðja Norræna tungumálakunnáttu
- Að styðja líffræðilegan fjölbreytileika
- Og það sem mikilvægast er í tengslum við málþingið í dag, að berjast gegn upplýsingaóreiðu og falsfréttum

Þessi forgangsmál móta starf okkar þetta árið sem og vinnu og áherslu margra annarra stofnana á Norðurlöndum. Við munum vinna að þessum forgangsmálum með því að stuðla að árvekni í gegnum ráðstefnur, rökræður, málstofur, greinar og fleira. Í lok mars, til dæmis, við lok næsta fundar Norðurlandaráðs í Helsinki, verður þemað upplýsingafölsun sem ógn við Norræna líkanið. Við munum ræða hvernig vernda skuli lýðræðið og hvernig hægt er að berjast falsfréttum sem grafa undan því. Í maí eru Norðurlandaráðið, Þingmannaráðstefna Eystrasaltsríkjanna og BEN-ELUX þingið að skipuleggja príhliða ráðstefnum undir heitinu **Alhliða öryggis- og varnarsamvinna: breytum landslaginu og vinnum saman**, þar sem við munum tala um fjölþáttaógnir og hernað, varnarsamvinnu og netöryggi, meðal annars. Ég mun taka þátt ásamt kollegum mínum og varaforseta Norðurlandaráðs, Oddnýju Harðardóttur. Þessi ráðstefna skiptir ekki aðeins máli fyrir okkur sem fulltrúa Norðurlandaráðs heldur einnig á beinni hátt í tengslum við íslenska vinnu okkar, fyrst við erum líka einu tveir þingmennirnir sem eru fulltrúar Þjóðaröryggisráð Íslands. Auk þessara viðburða er markmið okkar að styrkja faglega og áreiðanlega fjölmiðla og blaðamenn með því að bjóða viðeigandi námskeið, og koma vinnu þeirra á framfæri og hjálpa fólki að aftengjast fjölmiðlum sem taka þátt í að dreifa fölsuðum upplýsingum og grafa undan lýðræðinu, til dæmis með því að stuðla að hatursorðræðu.

Allt þetta er ástæðan fyrir því að ég kann verulega að meta allt sem sagt hefur verið hér í dag og allt sem við höfum lært. Það er ástæða fyrir því að við völdum falsfréttir sem ógn við lýðræðið sem áherslupátt. Þetta málþing er einnig haldið af sömu ástæðu. Við stöndum frammi fyrir ógn, raunverulegri ógn, og við þurfum öll að vinna saman til að sporna gegn henni, ekki aðeins með því að ræða hluti, við þurfum líka að grípa til fleiri aðgerða.

Ég vil ljúka þessu með því að þakka öllum aftur fyrir innblásturinn og þekkinguna sem þið hafið deilt. Ég hef allavega lært mikið sem ég mun nýta mér í baráttunni gegn fjölþáttaógnum og ógnum gegn lýðræðinu. Takk fyrir í dag og vonandi sjáumst við aftur einhvern daginn.



